

Bréf Nýja testamentisins í ljósi grísk-rómverskra bréfaskrifta

Inngangur

Meirihluti ritsafns Nýja testamentisins, 21 rit af 27, eru bréf eða rit sem eru látin líta út eins og bréf og hafa varðveist sem slík. Mikilvægi bréfa í dag hefur farið minnkandi eða a.m.k. breyst til muna eftir tilkomu rafrænna skilaboða. En til forna voru textar af þessari gerð grundvallarþáttur í mannlegum samskiptum, eins og þau voru reyndar langt fram á 20. öldina. Efniviðurinn gat verið margvíslegur. Þannig hafa varðveist „bréf“ rituð á þunnar viðartöflur, vaxtöflur, töflur úr blýi eða bronssi, en óvenjulegasti efniviðurinn er án efa epli sem getið er sem bréfsefni í hellenistísku ástarljóði.¹ Algengasti efniviðurinn var hins vegar papýrus sem framleiddur var í stórum stíl í Egyptalandi. Ýmis bréfasöfn hafa varðveist frá fornöld og eru bréfasöfn rómversku heimspekinganna Cícerós og Seneca meðal þeirra best þekktu. En þýðingarmesta bréfasafn sem um getur er án efa bréfasafn Páls postula sem kristnir menn tóku að safna saman í eina heild þegar á 1. öld e.Kr. Hvað geta hefðir bréfaskrifta í fornöld sagt okkur um bréf Nýja testamentisins? Hvernig samræmast bréf Nýja testamentisins slíkum hefðum? Eru þau að einhverju leyti frábrugðin öðrum bréfum frá þessum tíma? Eða falla þau auðveldlega inn í mynstrið? Í þessari grein er leitast við að svara þessum spurningum með því að greina form, hlutverk, notkun og flokkun grísk-rómverskra bréfa og bera þessi atriði saman við bréf Nýja testamentisins. Þetta verður gert með hjálp fyrri rannsókna á fornum bréfum,² ekki síst bréfum Nýja testamentisins og þá einkum bréfum Páls postula.³

¹ Hans-Josef Klauck, *Ancient Letters and the New Testament: A Guide to Context and Exegesis*, Waco: Baylor University Press, 2006, bls. 44.

² Sjá einkum Klauck, *Ancient Letters*, bls. 1–297; Francis Xavier J. Exler, *The Form of the Ancient Greek Letter: A Study in Greek Epistolography*, Washington: Catholic University of America, 1923; R. Hercher (ritstj.), *Epistolographi Graeci*, París: Didot, 1873; Heikki Koskenniemi, *Studien zur Idee und Phraseologie des griechischen Briefes bis 400 n. Chr.*, AASF, B 102.2, Helsinki: Akateeminen Kirjakauppa, 1956; Abraham J. Malherbe, *The Cynic Epistles: A Study Edition*, SBLBS 12, Missoula: Scholars Press, 1977; idem, *Ancient Epistolary Theorists*, SBLBS 19, Atlanta: Scholars Press, 1988; Patricia A. Rosenmeyer, *Ancient Epistolary Fictions: The Letter in Greek Literature*, Cambridge: Cambridge University Press, 2001; Robert K. Sherk, *Roman Documents from the Greek East: Senatus Consulta and Epistulae to the Age of Augustus*, Baltimore: Johns Hopkins Press, 1969; M. Luther Stürewalt Jr., *Studies in Ancient Greek Epistolography*, SBLBS 27, Atlanta: Scholars Press, 1993; Stanley K. Stowers, *Letter Writing in Greco-Roman Antiquity*, LEC 5, Philadelphia: Westminster Press, 1986; Klaus Thraede, *Grundzüge griechisch-römischer Briefepik*, München: Beck, 1970; Michael Trapp, *Greek and Latin Letters: An Anthology with Translation*, CGLC, Cambridge: Cambridge University Press, 2003; C. Bradford Welles, *Royal Correspondence in the Hellenistic Period: A Study in Greek Epigraphy*, New Haven: Yale University Press, 1934; John L. White, *Light from Ancient Letters*, FF, Philadelphia: Fortress, 1986.

³ Um bréf Nýja testamentisins í þessu samhengi, sjá einkum Klauck, *Ancient Letters*, bls. 300–434; David E. Aune, *The New Testament in Its Literary Environment*, LEC 8, Philadelphia: Westminster Press, 1987, bls. 158–225; Klaus Berger, „Apostelbrief und apostolische Rede: Zum Formular frühchristlicher Briefe“, *Zeitschrift für die neutestamentliche Wissenschaft* 65/1974, bls. 190–231; Carl J. Bjerkelund, *Parakaló: Form, Funktion und Sinn der parakaló-Sätze in den paulinischen Briefen*, Osló: Universitetsforlaget, 1967; Adolf Deissmann, *Licht vom Osten: Das Neue Testament und die neuentdeckten Texte der hellenistisch-römischen Welt*, Tübingen: Mohr (Siebeck), 4. útg. 1923; William G. Doty, *Letters in Primitive Christianity*, GBS, Philadelphia: Fortress, 1973; Harry Gamble, „Letters in the New Testament and in the Greco-Roman World“, *The Biblical World* 1, ritstj. John Barton, London: Routledge, 2002, bls. 188–204; Jerome Murphy-O'Connor, *Paul the Letter-Writer: His World, His Options, His Skills*, GNS 41, Collegeville: Liturgical Press, 1995; Markus Müller, *Vom Schluß zum Ganzen: Zur Bedeutung des paulinischen Briefkorpusabschlusses*, FRLANT 172, Göttingen: Vandenhoeck & Ruprecht, 1997; Peter T. O'Brien, *Introductory Thanksgivings in the Letters of Paul*, NovTSup 49, Leiden: Brill, 1977; Stanley E. Porter og Sean A. Adams (ritstj.), *Paul and the Ancient Letter Form*, Pauline Studies 6, Leiden: Brill, 2010; E. Randolph Richards, *The Secretary in the Letters of Paul*, WUNT 2.42, Tübingen: Mohr (Siebeck), 1991; idem, *Paul and First-Century*

Form grísk-rómverskra bréfa

Inngangur bréfa

Í ljósi þess að hlutverk bréfa var margvíslegt kemur það ekki á óvart að form þeirra gat verið talsvert mismunandi. Enda kenndi Demetríus í kennslubók sinni um bréfaskrifir að „það ætti að vera nokkur sveigjanleiki í formi bréfa“ (*Eloc.* 129).⁴ Þorri grísk-rómverskra bréfa skiptist í þrjá hluta: inngang, meginhluta og niðurlag. Það var einkum í innganginum og niðurlaginu sem sérstakar bréfaformúlur komu fyrir, sbr. orð Júlíusar Viktors um þessa hluta bréfsins: „Inngangur og niðurlag bréfa (*praefationes ac subscriptiones litterarum*) ... ættu að vera rituð samkvæmt hefðbundnum háttum“ (*Rhet.* 27). Mörg bréffanna hafa þó ekkert formlegt niðurlag, þ.e.a.s. í því formi sem þau hafa varðveist, og önnur innihalda engan inngang, sem þó hefur að öllum líkindum tilheyrt upprunalegri útgáfu bréfsins, þar sem inngangurinn var nánast ómissandi í sérhverju bréfi.⁵ Ástæðan er sú að í innganginum var viðtakandi bréfsins nefndur og sambandið á milli sendanda og viðtakanda tilgreint nánar. Þetta samband var grundvallaratriði í sérhverju bréfi. Í grískum bréfsinngangi var sendandinn venjulega tilgreindur í nefnifalli og viðtakandinn í þágufalli, fylgt eftir með kveðju í nafnhætti, *chairein*. Formið „A (nf.) til B (þgf.), *chairein*“ var þess vegna algengasta form inngangsins. Um þetta form segir Pseudo-Libanius: „[Bréf] ætti að byrja svona: ‚Þessi til þessa, kveðja‘ (*ho deina tō deini chairein*). Því þannig virðast allir fornir höfundar hafa gert sem voru framarlega á sviði visku og málsnildar“ (*Ep. Char.* 51).⁶ Stundum var bætt við óskum um góða heilsu viðtakandans, svokallaðri *hygiainein*-ósk (*formula valetudinis* á latínu),⁷ sem stundum var sett fram í formi bænar, svokallaðri *proskynema*-formúlu.⁸ Nánari útlístanir á sendanda og viðtakanda voru síðan tilgreindar með viðkomandi titlum eða nöfnum, sem oft gáfu frekar til kynna hvert sambandið á milli þessara aðila var. Einnig var mögulegt að tilgreina þetta samband með öðru formi, þ.e.a.s. með viðtakandann á undan (í þágufalli) og sendandann á eftir (í nefnifalli), „Til B (þgf.) frá A (nf.)“, oft fylgt eftir af kveðjunni *chairein*, sem einnig gat staðið á milli viðtakanda og sendanda. Þegar um þetta form var að ræða var sendandinn lægra settur félagslega en viðtakandinn og vildi votta viðtakandanum virðingu sína á þennan hátt. Þannig getur formið eitt og sér sagt til um félagslegt samband sendanda og viðtakanda bréfsins, enda er formið „Til B frá A“ algengt í bréfum sem innihéldu beiðnir,

Letter Writing: Secretaries, Composition and Collection, Downers Grove: InterVarsity Press, 2004; Otto Roller, *Das Formular der paulinischen Briefe: Ein Beitrag zur Lehre vom antiken Briefe*, BWANT 4.6, Stuttgart: Kohlhammer, 1933; Franz Schneider og Werner Stenger, *Studien zum neutestamentlichen Briefformular*, NTTS 11, Leiden: Brill, 1987; Paul Schubert, *Form and Function of the Pauline Thanksgivings*, BZNW 20, Berlín: Töpelmann, 1939; M. Luther Stürwalt Jr., *Paul, the Letter Writer*, Grand Rapids: Eerdmans, 2003; Jeffrey A.D. Weima, *Neglected Endings: The Significance of the Pauline Letter Closings*, JSNTSup 101, Sheffield: JSOT Press, 1994; idem, *Paul the Ancient Letter Writer: An Introduction to Epistolary Analysis*, Grand Rapids: Baker Academic, 2016. Sjá einnig yfirlit yfir rannsóknir í Runar M. Thorsteinsson, „Epistolography (Ancient Letters)“, *Oxford Bibliographies in Biblical Studies*, ritstj. C.R. Matthews, New York: Oxford University Press, 2013 (www.oxfordbibliographies.com).

⁴ Þýðingar á grískum og latneskum textum í þessari grein eru höfundar.

⁵ John L. White, „New Testament Epistolary Literature in the Framework of Ancient Epistolography“, *Aufstieg und Niedergang der römischen Welt: Geschichte und Kultur Roms im Spiegel der neueren Forschung* 2.25.2, ritstj. H. Temporini og W. Haase, Berlín: de Gruyter, 1984, bls. 1730–1756, hér 1731–1732; Roller, *Das Formular*, bls. 57.

⁶ Skv. White, „New Testament“, bls. 1733–1734, er þetta form að finna í 2/3 af papýrusbréfum frá 2. öld f.Kr. og síðar.

⁷ Meginform *hygiainein*-óskarinnar var *pro men pantōn euchomai se hygiainein* („Umfram allt bið ég þess að þú sért við góða heilsu“). Frekari dæmi má sjá í Exler, *The Form*, bls. 107–111; sjá einnig umfjöllun í Roller, *Das Formular*, bls. 61–63; Koskenniemi, *Studien*, bls. 130–39. Latneska formið var venjulega *si vales bene est, ego valeo* („Ef þú hefur það gott er það gott, ég hef það einnig gott“); sjá t.d. Seneca, *Ep.* 15.1.

⁸ Þetta form kemur fyrir í bréfum frá 1. öld e.Kr. og síðar. Meginformið var þetta: *to proskynema sou poiō para tois theois* („Ég bið fyrir þér frammi fyrir guðunum“). Sjá umfjöllun í Koskenniemi, *Studien*, bls. 139–145. Dæmi má finna í Exler, *The Form*, bls. 108–110; Roller, *Das Formular*, bls. 63–64; Henry G. Meecham, *Light from Ancient Letters: Private Correspondence in the Non-Literary Papyri of Oxyrhynchus of the First Four Centuries, and Its Bearing on New Testament Language and Thought*, London: George Allen & Unwin, 1923, bls. 70.

umsóknir eða kvartanir til yfirvalda.⁹ Formið „A (nf.) til B (þgf.)“ var á hinn bóginn hlutlausara hvað þetta varðar, bæði notað þegar um mismunandi stöður var að ræða, sérstaklega þegar sendandinn var hærra settur, og þegar félagslegt samband sendanda og viðtakanda var meira og minna hlutlaust. Sem dæmi má nefna konunglegt bréf sem vitnað er í Annarri Makkabeabók 11.27–33 en það hefst með hinni hefðbundnu formúlu „A til B“: „Antíokkus konungur (nf.) til öldungaráðs Gyðinga og annarra Gyðinga (þgf.), kveðja“ (*basileus Antiochos tē gerousia tōn Ioudaiōn kai tois allois Ioudaiōis chairein*). Á hinn bóginn má finna bréf í 9.19–27 þar sem konungurinn er fullur iðrunar vegna refsingar Guðs fyrir syndir hans gagnvart hinni gyðinglegu þjóð, en sú iðrun er gefin til kynna með formúlunni „Til B frá A“: „Til æruverðugra Gyðinga og þegna, kærar kveðjur og óskir um heill og hamingju, frá konunginum og hershöfðingjanum Antíokkusi“ (*tois chrēstois Ioudaiōis tois politais polla chairein kai hygiainein kai eu prattein basileus kai stratēgos Antiochos*). Iðrun konungsins er sem sagt látin í ljós þegar með hinu formlega ávarpi í bréfsinnganginum.

Meginhluti bréfa

Í meginhluta bréfsins tjáði höfundur meginefni þess. Minna var um sérstakar bréfaformúlur í þessum hluta bréfsins en innganginum og niðurlaginu en þó var um nokkrar slíkar að ræða sem höfundur gat valið til að tjá og leggja áherslu á einstök atriði. Þannig voru sérstakar formúlur til sem heppilegt var að nota í upphafi og endi meginhlutans, en slíkar formúlur mátti einnig nota í öðrum hlutum meginhlutans. Dæmi um formúlu af þessu tagi var þakkargjörð sem stundum var notuð í upphafi meginhlutans, en staðsetning formúlnnar var þó nokkuð sveigjanleg.¹⁰ Í upphafi meginhlutans gat slík þakkargjörð haft það hlutverk að vera *captatio benevolentiae* höfundarins, ef notað er orðfæri mælskulistarinnar í þessu sambandi, þ.e.a.s. tilraun höfundarins til að hafa jákvæð áhrif á lesandann áður en meginviðfangsefnið er borið upp.¹¹ Dæmi um þakkargjörð má finna í Annarri Makkabeabók 1.11: „Guð hefur frelsað okkur úr miklum háska og þökkum við honum mikillega“ (*ek megalōn kindynōn hypo tou þeou sesōsmenoi megalōs eucharistoumen autō*).¹²

Önnur bréfaformúla sem stundum var notuð til að marka upphaf meginhlutans,¹³ þótt hægt væri í raun að nota hana hvar sem er í þeim hluta bréfsins,¹⁴ var afhjúpunarformúlan svokallaða.¹⁵ Í henni afhjúpaði höfundurinn eitthvert atriði sem hann vildi leggja sérstaka

⁹ Sjá Exler, *The Form*, bls. 23, 60–61, 65–67, 133.

¹⁰ Sjá umfjöllun í Terence Y. Mullins, „Formulas in New Testament Epistles“, *Journal of Biblical Literature* 91/1972, bls. 380–390, hér 381–382, 386–387; Peter Arzt, „The ‚Epistolary Introductory Thanksgiving‘ in the Papyri and in Paul“, *Novum Testamentum* 36/1994, bls. 29–46, hér 33–35; Jeffrey T. Reed, „Are Paul’s Thanksgivings Epistolary?“, *Journal for the Study of the New Testament* 61/1996, bls. 87–99, hér 96. Sjá einnig Raymond F. Collins, „A Significant Decade: The Trajectory of the Hellenistic Epistolary Thanksgiving“, *Paul and the Ancient Letter Form*, Pauline Studies 6, ritstj. Stanley E. Porter og Sean A. Adams, Leiden: Brill, 2010, bls. 159–184.

¹¹ Sjá Runar M. Thorsteinsson, *Paul’s Interlocutor in Romans 2: Function and Identity in the Context of Ancient Epistolography*, ConBNT 40, Stockholm: Almqvist & Wiksell, 2003, bls. 29–30, 44–46. Um *captatio benevolentiae*, sjá B. Wessel, „Captatio benevolentiae“, *Historisches Wörterbuch der Rhetorik* 2, Tübingen: Niemeyer, 1994, bls. 121–123.

¹² Sjá einnig t.d. P.Lond. 1.42.9–10 (168 f.Kr.); UPZ 1.60 (168 f.Kr.). Sjá einnig umfjöllunina í John L. White, „Saint Paul and the Apostolic Letter Tradition“, *The Catholic Biblical Quarterly* 45/1983, bls. 433–444, hér 438; idem, „New Testament“, bls. 1741. Frekari dæmi í papyrusbréfum má finna í Schubert, *Form and Function*, bls. 158–179; Arzt, „The ‚Epistolary Introductory Thanksgiving‘“, bls. 31–37.

¹³ Sbr. t.d. P.Mich. 1.6.1–2 (257 f.Kr.); P.Köln 1.56.3; P.Oslo.Inv. 1475.3 (1. öld e.Kr.); P.Mich. 8.464.3–4 (99 e.Kr.); P.Oxy. 8.1155.2–3 (104 e.Kr.); P.Fay. 123.5–7 (u.þ.b. 110 e.Kr.); P.Giss. 1.11.4 (118 e.Kr.); 1.13.4–5 (116–120 e.Kr.). Sbr. einnig Demosþenes, *Ep.* 3.1.

¹⁴ Sbr. t.d. P.Mich. 3.203.2–3, 5–6, 8–9, 13–14 (114–116 e.Kr.); P.Oxy. 4.743.27–28 (2. öld f.Kr.); P.Oslo 3.151.9–10 (1.–2. öld e.Kr.); BGU 4.1040.4–5, 15, 28, 29–30 (2. öld e.Kr.); Artaxerxes, *Ep.* 2; Jósefus, *A.J.* 16.173; Sherk, *Roman Documents*, nr. 21, dálkur 2.6; 49, A 13; 49 B 3; 52.21.

¹⁵ Um einkenni formúlnnar, sjá sérstaklega Terence Y. Mullins, „Disclosure: A Literary Form in the New Testament“, *Novum Testamentum* 7/1964, bls. 44–50. Sjá einnig Meecham, *Light*, bls. 124; Jack T. Sanders, „The Transition from Opening Epistolary Thanksgiving to Body in the Letters of the Pauline Corpus“, *Journal of Biblical Literature* 81/1962, bls. 348–362; John L. White,

áherslu á: „Ég vil að þú vitir að ...“ eða „Ég vil ekki að þér sé ókunnugt um að ...“. Stundum tjáði formúlan meginefni bréfsins: „Ég vil að þú vitir, móðir, að ég komst óhultur til Rómar“ (*gēinōskein se pelō, mētēr, hoti errōmenos egenomēn eis Rōmēn*).¹⁶ Meginhlutverk formúlunnar var að benda lesandanum á að hér væri um mikilvægt atriði að ræða. Tíðni þessarar formúlu í fornum bréfum sem hafa varðveist, sérstaklega meðal þeirra ótal papýrusbréfa sem hafa fundist í eyðimörkum Egyptalands, bendir til þess að margir lesendur á þessum tíma hafi þekkt til hlutverks þessarar formúlu.

Auk afhjúpunarformúlunnar gátu höfundar notað svokallaða *parakalō*-formúlu (beiðni-formúlu) sem tjáði beiðni eða ósk af einhverju tagi. Algengt form hennar var á þessa leið: (1) Upplýsingar um bakgrunn beiðninnar, oft tjáð með samtengingu eins og *dio* („þess vegna“) eða *oun* („þá“, „af þeim sökum“); (2) sögn sem tjáði beiðni, eins og *parakalō*, *erōtō*, *deomai* eða *axiō*, sem allar höfðu merkinguna að „biðja“ einhvern um eitthvað. Munurinn á merkingu sagnanna fólst í félagslegum tengslum sendanda og viðtakanda bréfsins. Þannig tjáði t.d. notkun á sögnunum *deomai* og *axiō* venjulega að sendandinn var lægra settur en viðtakandinn og að sá fyrirnefndi vildi votta hinum síðarnefnda virðingu sína. Sagnirnar *parakalō* og *erōtō* voru á hinn bóginn hlutlausari hvað þetta varðar; (3) innihald beiðninnar. Stundum var beinu ávarpi bætt við beiðnina: *dio parakalō se, adelfē*, ... („þess vegna bið ég þig, bróðir, ...“).¹⁷ *Parakalō*-formúlan (eða beiðni-formúlan) var notuð í ýmiss konar bréfum, rituðum af fólki af öllum stéttum samfélagsins. Hún var t.a.m. algeng í (a) beiðnum einstaklinga til opinberra yfirvalda,¹⁸ þar sem sendandinn var venjulega lægra settur félagslega en viðkomandi yfirvald, (b) fjölskyldubréfum sem innihéldu ósk af einhverju tagi,¹⁹ (c) meðmælabréfum²⁰ og í (d) opinberum beiðnum eða hvatningum, hvort sem sendandi og viðtakandi voru sömu stéttar²¹ eða ekki.²² Meginreglan var sú að félagsleg staða viðkomandi kallaði á tiltekna sögn (samkvæmt ofangreindu) sem þótti við hæfi hverju sinni. Beiðni-formúlan er oft notuð í tengslum við meginefni bréfsins.

Stundum gátu bréf innihaldið tiltekin þemu eða mótíf sem ekki voru endilega bundin við ákveðnar formúlur. Þannig má til að mynda sjá yfirlýsingar um traust sendandans á viðtakandanum. Þetta mótíf tengdist oftast en ekki meginmarkmiði bréfsins sem tjáð var með beiðni-formúlu: „Ég treysti þér á hinn bóginn til að hika hvergi í þessu máli“ (*mentoi peipomai se mēde hen distazein en tois prokeimenois*), eftir að hafa sett fram formlega beiðni með orðunum *dio parakalō se, adelfē*, ...²³ Ennfremur má oft sjá staðhæfingar í þessum bréfum um heimsókn

„Introductory Formulae in the Body of the Pauline Letter“, *Journal of Biblical Literature* 90/1971, bls. 91–97; idem, *Light*, bls. 207; Jeffrey T. Reed, *A Discourse Analysis of Philippians: Method and Rhetoric in the Debate over Literary Integrity*, JSNTSup 136, Sheffield: Sheffield Academic Press, 1997, bls. 210–212.

¹⁶ P.Mich. 8.491.4–5 (2. öld e.Kr.).

¹⁷ P.Mich. 8.485.9 (u.þ.b. 105 e.Kr.).

¹⁸ T.d. P.Mich. 1.29 (256 f.Kr.): *deomai on [=oun] soi kai heiketeuō, me [=mē] me paraelkysēs. gynē imi chera, eutychi* („Þess vegna bið ég þig og biðla til þín að þú synjir mér ekki. Ég er ekkja, kveðja“). Bréfið hefst á videigandi hátt með forminu „Til B frá A“.

¹⁹ T.d. P.Oxy. 2.294.28–30 (22 e.Kr.): *erōtō de se kai parakalō grapsai moi antijōnēsīn peri tōn genomenōn* („Ég bið þig og hvet til að skrifa mér svar um líðandi málefni“).

²⁰ T.d. P.Oxy. 2.292.3–7 (u.þ.b. 25 e.Kr.): *herakleidēs ho apodidous soi tēn epistolēn estin mou adelphos. dio parakalō se meta pasēs dynamēs echein auton synestamenon* („Herakleides sem fær þér bréfið er bróðir minn. Þess vegna bið ég þig af öllum mætti að taka við meðmælum mínum á honum“).

²¹ T.d. Jósefus, *A.J.* 8.52: *dio parakalō se sympempsai tinas tois emois eis Libanon to oros kopsontas xyla* („Þess vegna fer ég þess á leit við þig að þú sendir nokkra menn ásamt mínum mönnum til Líbanonsfjalls til að höggva við“). Bréfið er frá Salómon konungi til konungsins Eíromosar.

²² T.d. Welles, *Royal Correspondence*, nr. 14.12–13: *parakaloumen de kai eis ton loipog [sic] chronon tēn autēn echein hairesin pros hēmas* („Við hvetjum ykkur til að halda sömu vináttustefnu í framtíðinni gagnvart okkur“). Bréfið er frá konunginum Ptólemýusi II til ráðsins og fólksins í Miletus.

²³ P.Mich. 8.485.9, 17–19 (u.þ.b. 105 e.Kr.).

sendandans til viðtakandans eða öfugt. Slíkar staðhæfingar innihalda þó engar sérstakar formúlur, heldur eiga það efnislega sameiginlegt að lýsa sama hlut.²⁴

Niðurlag bréfa

Líkt og í inngangi og meginhluta bréfa voru ýmsar formúlur notaðar í niðurlagi textans, einkum í tengslum við sambandið á milli sendanda og viðtakanda. Þannig gat niðurlagið innihaldið lokakveðju með orðunum „Hafðu það gott!“ (*eutychei*) eða „Vertu hraust/ur“ (*errōso*), oft einfaldlega þýtt með orðinu „kveðja“.²⁵ Eins og í innganginum kom ósk um góða heilsu oft fyrir í niðurlaginu. Ennfremur innihélt niðurlagið gjarnan kveðjur til tiltekins fólks eða kveðjur frá tilteknu fólki, nánast alltaf með sögninni *aspaxōmai*.²⁶ Stundum fylgdi eiginhandaráritun í lokin, einkum og sér í lagi þegar bréfið var að öðru leyti skrifað af leigðum ritara, og stundum var tímasetning einnig látin fylgja með. Fyrir utan lokakveðjuna voru þessar formúlur þó ekki taldar nauðsynlegur þáttur af bréfinu og tilfelli þar sem þær koma allar fyrir eru fremur fágæt. Notkun þeirra fór alfarið eftir markmiði sendanda með bréfinu og sérstaklega eðli sambandsins á milli sendanda og viðtakanda. Stundum gátu bréf ennfremur endað á meðmælum með tiltekinni persónu.²⁷ En sérstök meðmælabréf voru þó til sem ákveðin tegund af bréfum (*hē epistolē sustatike* eða *litterae commendaticae*, en þau voru einnig nefnd *hē epistolē parapetike*).²⁸

Hlutverk, notkun og flokkun grísk-rómverskra bréfa

Meginhlutverk bréfa var að vera „ritað tæki til að virkja munnleg samskipti“.²⁹ Bréfaskrifum var þess vegna oft líkt við raunverulegt samtal fólks. Til að undirstrika þessa líkingu voru bréf oftast lesin upphátt í fornöld, hvort sem hlustandi var til staðar eður ei.³⁰ Þessir munnlegu þættir gera það að verkum að mögulegt er að greina grísk-rómversk bréf með tækjum fornarr mælskulistar (retóríkur).³¹ Því hefur reyndar verið haldið fram að flestir, ef ekki allir, fornir textar hafi verið undir miklum áhrifum frá mælskulist.³² Á hinn bóginn eru ákveðin takmörk fyrir því hverju mælitæki mælskulistarinnar áorka í þessu sambandi, þar sem bréf

²⁴ Sjá t.d. P.Mich. 3.203 (114–116 e.Kr.). Frekari dæmi má finna í Terence Y. Mullins, „Visit Talk in New Testament Letters“, *The Catholic Biblical Quarterly* 35/1973, bls. 350–358; Reed, *A Discourse Analysis*, bls. 216. Sjá einnig umfjöllun í Koskenniemi, *Studien*, bls. 111–112.

²⁵ Sjá umfjöllun í Raffaele Luiselli, „Greek Letters on Papyrus First to Eighth Centuries: A Survey“, *Assyriological Studies* 62/2008, bls. 705–707.

²⁶ Sjá t.d. BGU 2.423 (2. öld e.Kr.): *Aspasai Kaipitōna polla kai tous adelphous mou kai Serēnillan kai tous filous mou* („Skilaðu kærri kveðju til Kaipitons og bræðra minna, ásamt Serenilla og vinum mínum“).

²⁷ Sbr. t.d. Ciceró, *Fam.* 64.3; 337.8; *Att.* 19.11; Platón, *Ep.* 13.

²⁸ Sjá Pseudo-Libanius, *Ep. Char.* 8. Fjölmörg dæmi um sérstök meðmælabréf er að finna í bréfasafni Cicerós. Sjá einnig t.d. P.Cair.Zen. 1.59032 (u.þ.b. 257 f.Kr.); P.Mert. 2.62 (7 e.Kr.); P.Oxy. 2.292 (u.þ.b. 25 e.Kr.).

²⁹ John L. White, „The Greek Documentary Letter Tradition Third Century B.C.E. to Third Century C.E.“, *Semeia* 22/1981, bls. 89–106, hér 91.

³⁰ Paul J. Achtemeier, „*Omne verbum sonat*: The New Testament and the Oral Environment of Late Western Antiquity“, *Journal of Biblical Literature* 109/1990, bls. 3–27; Frank D. Gilliard, „More Silent Reading in Antiquity: *Non omne verbum sonabat*“, *Journal of Biblical Literature* 112/1993, bls. 689–696.

³¹ Um sambandið á milli bréfaskrifa og mælskulistar, sjá Carl J. Classen, „Kann die rhetorische Theorie helfen, das Neue Testament, vor allem die Briefe des Paulus, besser zu verstehen?“ *Zeitschrift für die neutestamentliche Wissenschaft* 100/2009, bls. 145–172; Karl P. Donfried og Johannes Beutler (ritstj.), *The Thessalonians Debate: Methodological Discord or Methodological Synthesis?* Grand Rapids: Eerdmans, 2000; Jeffrey T. Reed, „The Epistle“, *Handbook of Classical Rhetoric in the Hellenistic Period 330 B.C.–A.D. 400*, ritstj. Stanley E. Porter, Leiden: Brill, 1997, bls. 171–193.

³² J. Schneider, „Brief“, *Reallexikon für Antike und Christentum: Sachwörterbuch zur Auseinandersetzung des Christentums mit der antiken Welt* 2, ritstj. T. Kluser og fl., Stuttgart: Hiersemann Verlag, 1954, dálkar 564–585, hér 570; Aune, *The New Testament*, bls. 158; George A. Kennedy, „The Genres of Rhetoric“, *Handbook of Classical Rhetoric in the Hellenistic Period 330 B.C.–A.D. 400*, ritstj. Stanley E. Porter, Leiden: Brill, 1997, bls. 43–50.

voru formlega skrifuð sem bréf en ekki ræður. Bréfin fylgdu í grundvallaratriðum bréfaformi og ræður fylgdu ræðuformi. Ennfremur var sá munur á þessu tvennu að flytjandi og hlustendur ræðu voru báðir til staðar þegar ræðan var flutt, en um slíkt var ekki að ræða þegar bréf voru annars vegar. Af þessum sökum skrifaði mælskulistarmaðurinn Júlíus Viktor á 4. öld e.Kr.: „Reyndu að forðast torræðni enn frekar [í bréfum] en í ræðu eða samtali. Því þú getur beðið þann sem mælir óskýrt um að skýra mál sitt, en slíkt er ekki mögulegt í bréfaskiptum þegar sendandinn er fjarstaddur“ (*Rhet.* 27). Enda þótt bréf væru ekki rituð formlega líkt og þau væru ræður — þau voru ekki skrifuð samkvæmt retórísku *dispositio* — er þó ljóst að margir snertifletir eru á bréfaskriftum og mælskulist, einkum hvað virkni varðar. Enda var talað um að bréfið skyldi „ritað á sama hátt og um samræður væri að ræða“, þar sem bréf var ekkert annað en „önnur hliðin á samræðu“.³³ Samræðulíkindin skiluðu sér í samræðustíl sem má oft sjá í grísk-rómverskum bréfum.³⁴ Þetta er sérstaklega áberandi í bréfum Cícerós og Seneca, þar sem höfundarnir skapa gjarnan viðmælanda í bréfinu og nýta hann til að færa rök fyrir máli sínu. Þannig má sjá mælskulistarmanninn Cíceró skapa viðmælanda í einu af bréfum sínum til vinar síns, Attíkusar, þar sem Attíkus sjálfur hefur greinilega þetta hlutverk:

Lokaorð Sesars, sem ég hafði næstum gleymt, voru andstyggileg. Hann sagði að ef hann gæti ekki notað ráð mitt myndi hann nota þau sem hann gæti fengið og svífast einskis. „Svo að þú hefur séð hann vera þann mann sem þú taldir hann vera. Leyfðirðu þér að andvarpa?“ Hvort ég gerði. „Segðu mér restina“. Hvað er meira að segja? [...] „Svona“, muntu segja, „fástu ekki um fyrri mistök. Jafnvel foringi okkar, Pompey, hefur gert mörg slík“ (*Att.* 187.3).

Á sama hátt skrifaði Seneca til vinar síns, Lúkíliúsar:

Það gleður mig að heyra [...] að þú átt gott samband við þrælana þína. Það hæfir skynsömum og vel menntuðum manni eins og þér. „Þeir eru þrælar“. Nei, þeir eru menn. „Þrælar!“ Nei, þeir eru félagar manns. „Þrælar!“ Nei, þeir eru einlægir vinir. „Þrælar!“ Nei, þeir eru frekar sam-þrælar okkar, ef við gætum að því að Örlögin hafa yfir hvorum tveggja að ráða, þrælum jafnt sem frjálsum mönnum“ (*Ep.* 47.1).

Samræðustíll af þessu tagi var fyrst og fremst notaður í einkabréfum þar sem sendandi og viðtakandi þekktust persónulega, en þess má þó geta að Seneca stefndi alla tíð að því að birta bréf sín til Lúkíliúsar sem heimspekilegar ritgerðir.³⁵ Stíllinn kom síður fyrir í opinberum bréfum, þ.e.a.s. bréfum sem vörðuðu opinber málefni ellegar voru rituð til þess að birtast opinberlega á þar til gerðum stöðum.

Það er mikill vandi að flokka forn bréf í mismunandi flokka³⁶ því að flokkunin fer að miklu leyti eftir því hvort miðað er við innihald bréfanna, form þeirra, stíl eða virkni (e.

³³ Demetríus, *Eloc.* 223.

³⁴ Sjá Thorsteinsson, *Paul's Interlocutor*, bls. 123–144.

³⁵ Sbr. *Ep.* 21.3–5.

³⁶ Sbr. mismunandi flokkanir í Carl Dziatzko, „Brief“, *Paulys Realencyclopädie der classischen Altertumswissenschaft* 3, ritstj. A. F. Pauly og G. Wissowa, Stuttgart: Metzlerscher, 1897, bls. 836–843; Schneider, „Brief“, bls. 564–585; Peter L. Schmidt, „Epistolographie“, *Der kleine Pauly: Lexikon der Antike* 2, Stuttgart: Druckenmüller Verlag, 1967, dálkar 324–327; William G. Doty, „The Classification of Epistolary Literature“, *The Catholic Biblical Quarterly* 31/1969, bls. 183–199; idem, *Letters*, bls. 4–8, 15–17; Nils A. Dahl, „Letter“, *Interpreter's Dictionary of the Bible: Supplementary Volume*, ritstj. K. Crim, Nashville: Abingdon, 1976, bls. 538–541; Klaus Berger, „Hellenistische Gattungen im Neuen Testament“, *Aufstieg und Niedergang der römischen Welt: Geschichte und Kultur Roms im Spiegel der neueren Forschung* 2.52.2, ritstj. H. Temporini og W. Haase, Berlín: de Gruyter, 1984, bls. 1326–1339; White, „New Testament“, bls. 1732–1733; idem, „Ancient Greek Letters“, *Greco-Roman Literature and the New Testament: Selected Forms and Genres*, ritstj. David E. Aune, SBLBS 21, Atlanta: Scholars Press, 1988, bls. 88–95; Stowers, *Letter Writing*; idem, „Greek and Latin Letters“, *Anchor Bible Dictionary* 4, ritstj. D. N. Freedman, New York: Doubleday, 1992, bls. 290–293; Aune, *The New Testament*, bls. 160–169; Richard Bauckham, „Pseudo-Apostolic Letters“, *Journal of Biblical Literature* 107/1988, bls. 469–478; Carl Joachim Classen, „Paulus und die antike Rhetorik“, *Zeitschrift für die neutestamentliche Wissenschaft* 82/1991, bls. 5–8; W.G. Müller, „Brief“, *Historisches Wörterbuch der Rhetorik* 2, ritstj. Gert Ueding, Tübingen: Niemeyer, 1994, bls. 63–69; Robert G. Levens, Peta G. Fowler og Don P. Fowler, „Letters, Latin“, *Oxford Classical Dictionary*, ritstj. S. Hornblower og A. Spawforth, 3. útg., Oxford: Oxford University Press, 1996, bls. 847–848; Michael B. Trapp, „Letters, Greek“, *Oxford Classical Dictionary*, ritstj.

function). Í riti sínu *Tegundir bréfa* (*Typoi epistolikoi*) flokkar Pseudo-Demetríus bréfin í tuttugu og einn flokk eftir stíl þeirra og virkni.³⁷ Hinn ötuli bréfritari og mælskulistarmaður, Ciceró, skipti bréfum hins vegar í tvennt eftir innihaldi og virkni: annars vegar einkabréf (*litterae privatae*) og hins vegar opinber bréf (*litterae publicae*) (Flac. 37). Á síðari tímum skiptu fræðimenn gjarnan bréfum í „bókmenntabréf“ (e. *literary epistels*, þ. *Epistel*) og „raunveruleg bréf“ (e. *non-literary letters*, þ. *Brief*),³⁸ þar sem fyrri tegundin var rituð í fágúðum stíl menntamanna og heimspeklinga, jafnvel ætluð til birtingar, en sú síðari var rituð af minna lærðu fólki og fjölluðu þau bréf almennt séð um málefni hversdagsins, þar sem efni bréfsins og aðstæður bréfaskrifanna voru „raunverulegri“ en í hinu tilfellinu. Flestir fræðimenn hafa þó fallið frá þessum skilningi í dag.³⁹ Heimspekileg bréf Seneca eru t.d. án efa „bókmenntabréf“, en það er ekki hægt að útiloka að hann hafi raunverulega sent þau til vinar síns, Lúkíliúsar, sem þau eru stíluð á (enda þótt Seneca hafi ætlað sér að birta bréfin síðar).

Vandamálið er það að flokkun eftir einni tegund eða tveimur útilokar oft aðrar tegundir. Þannig tekur Stanley K. Stowers til dæmis fyrir grísk-rómversk bréf fyrst og fremst út frá virkni þeirra og stíl⁴⁰ en útilokar um leið ýmis opinber bréf, líkt og konungabréf og diplóm- atísk bréf, þ.e.a.s. bréf sem frekar eru flokkuð eftir formi og innihaldi. Nálgun og umfjöllun Stowers er afar gagnleg en um leið takmörkuð að þessu leyti. Bréf fornaldar eru einfaldlega svo fjölbreytileg að efni, formi, stíl og virkni að flokkun þeirra allra er afar erfið. Grísk papýrusbréf frá Egyptalandi má til að mynda vel flokka eftir innihaldi og formi, þar sem formið er nokkuð fastmótað og áberandi en flokkun eftir virkni þeirra og stíl á síður við. Að sama skapi er tiltölulega auðvelt að flokka heimspekileg bréf út frá virkni og stíl en síður út frá innihaldi og formi. Form þeirra er reyndar oft á tíðum svo frjálstlegt að margir hafa efast um að þetta hafi verið raunveruleg bréf.

M. Luther Stirewalt hefur farið aðra leið til að flokka grísk-rómversk bréf. Hann flokkar þau eftir þeim aðstæðum sem þau voru skrifuð í.⁴¹ Þessi nálgun er afar gagnleg og kemst nálægt því að ná yfir flestar gerðir bréfa. Stirewalt skiptir þessum aðstæðum í þrjá flokka: (1) „Normatífar“ aðstæður (e. *normative settings*), (2) víðari aðstæður (e. *extended settings*) og (3) ímyndaðar aðstæður (e. *fictitious settings*). Í grundvallaratriðum er munurinn á þeim „samkvæmt því stigi sem bréfritarar, viðtakendur og samhengi þeirra fer frá raunveruleika til

S. Hornblower og A. Spawforth, 3. útg., Oxford: Oxford University Press, 1996, bls. 846–847; Catherine Salles, „L'épistolographie hellénistique et romaine“, *Paul de Tarse: Congrès de l'ACFEB* (Strasbourg, 1995), LD 165, París: Cerf, 1996, bls. 86–92; Herwig Görgemanns, „Epistolographie“, *Der neue Pauly: Enzyklopädie der Antike* 3, ritstj. H. Cancik og H. Schneider, Stuttgart: Metzler, 1997, bls. 1166–1169; idem og Michaela Zelzer, „Epistel“, *ibid.* bls. 1161–1166; Hans Neumann og Peter L. Schmidt, „Brief“, *Der neue Pauly: Enzyklopädie der Antike* 2, ritstj. H. Cancik og H. Schneider, Stuttgart: Metzler, 1997, bls. 771–775; Hans-Josef Klauck, *Die antike Briefliteratur und das Neue Testament: Ein Lehr- und Arbeitsbuch*, UTP 2022, Paderborn: Schöningh, 1998, bls. 71–73; idem, *Ancient Letters*, bls. 67–70; Paola Ceccarelli, *Ancient Greek Letter Writing: A Cultural History (600–150 BC)*, Oxford: Oxford University Press, 2013, bls. 5–8; Michele Renee Salzman, „Latin Letter Collections before Late Antiquity“, *Late Antique Letter Collections: A Critical Introduction and Reference Guide*, ritstj. Cristiana Sogno, Bradley K. Storin og Edward J. Watts, Oakland: University of California Press, 2017, bls. 16–17.

³⁷ Sjá Malherbe, *Ancient Epistolary Theorists*, bls. 30–41. Tímasetning verksins er óljós; tillögur fræðimanna spanna allt frá 2. öld f.Kr. til 3. aldar e.Kr. Sjá einnig umfjöllun í Ceccarelli, *Ancient Greek Letter Writing*, bls. 5–6.

³⁸ Það var Adolf Deissmann sem kynnti þessa skiptingu í bók sinni *Licht vom Osten: Das Neue Testament und die neuentdeckten Texte der hellenistisch-römischen Welt*, 4. útg., Tübingen: Mohr (Siebeck), 1923, bls. 116–119, 193–198 (bls. 194–195: „Der Brief ist ein Stück Leben, die Epistel ist ein Erzeugnis literarischer Kunst“). Gagnrýni á hugmyndir Deissmanns að þessu leyti má finna í Doty, „The Classification“, bls. 183–192; Thraede, *Grundzüge*, bls. 1–4; Stowers, *Letter Writing*, bls. 17–20; Richards, *The Secretary*, bls. 211–216; Stirewalt, *Studies*, bls. 87; R. Dean Anderson Jr., *Ancient Rhetorical Theory and Paul*, CBET 18, Kampen: Pharos, 1996, bls. 93–97; Brook W.R. Pearson og Stanley E. Porter, „The Genres of the New Testament“, *Handbook to Exegesis of the New Testament*, NTS 25, Leiden: Brill, 1997, bls. 131–165, hér 151.

³⁹ Undantekningin er Klauck, *Ancient Letters*, bls. 68–71, sem skiptir grísk-rómverskum bréfum í þrjá flokka: (1) „raunveruleg bréf“ (e. *non-literary letters*), (2) „opinber bréf“ (e. *official letters*) og (3) „bókmenntabréf“ (e. *literary letters*).

⁴⁰ Stowers, *Letter Writing*.

⁴¹ Stirewalt, *Studies*.

ímyndaðra aðstæðna“.⁴² Normatífar aðstæður eru taldar „normatífar“ (ekta, sem gengið er út frá)⁴³ þar sem þær innihalda raunveruleg bréfaskipti, þ.e.a.s. raunveruleg samskipti raunverulegs fólks. Þær fela í sér form sem gengið er út frá við bréfaskriftir yfirleitt. Þetta eru þær aðstæður sem opinber og persónuleg bréf (einkabréf) eru skrifuð við,⁴⁴ en opinber bréf voru mikilvæg fyrir útbreiðslu bréfaformsins, þar sem þau voru oft á tíðum hengd upp á opinberum stöðum öllum til sýnis. Stirewalt útskýrir einkenni þessara aðstæðna:

Í þessum aðstæðum skrifar sendandinn í sínu eigin nafni, til viðtakenda sem eru beint eða óbeint kunnugir honum, í raunverulegu samtímasamhengi. Við þessar aðstæður eru bréfaskrifin félagslegur/pólítískur gjörningur, notaður bæði á opinbera og persónulega sviðinu. Almenn séð fela normatífar aðstæður í sér sambönd fólks sem eru ákvörðuð í samræmi við kunningsskap fólksins, stétt þess og stöðu, ásamt gagnkvæmu félagslegu hlutverki þess. Þessar almennu félagslegu aðstæður eru skilgreindar út frá því hverjir sendendurnir og viðtakendurnir eru, sem og út frá því hvert umfjöllunarefni bréfsins er. Efnið er ákvarðað af sambandi þessara aðila.⁴⁵

Dæmi um bréf sem skrifuð eru við þessar aðstæður eru opinber bréf, eins og konungleg bréf, diplómátísk bréf, beiðnir til opinberra aðila, ásamt persónulegum bréfum eins og fjölskyldu- eða vinabréfum.

Víðari aðstæður bréfa eiga við um samhengi þar sem „höfundar birta efni sem er ekki dæmigert umfjöllunarefni í bréfum til handa hópi fólks sem er nefnt eða ekki nefnt [í bréfinu], og vitað er eða gengið út frá að sé áhugasamt um efnið“.⁴⁶ Þetta felur þannig í sér víðari skírskotun en til nefndra viðtakenda, þar sem höfundur bréfsins hefur jafnvel í hyggju að birta viðkomandi bréf, líkt og við sjáum hjá Seneca (sbr. *Ep.* 21.3–5). Sjálft form og efni bréfsins liggur oft nær heimspekilegri ritgerð en „venjulegu“ efni bréfs í þessum aðstæðum. Slík bréf urðu gjarnan til innan mælskulistar- eða heimspekilegrar, sérstaklega hinnar síðarnefndu. Mörg þessara bréfa kunna að hafa verið raunveruleg bréf, send til raunverulegra einstaklinga, en þá með víðari lesendahóp og hugsanlega birtingu í huga. Algeng viðfangs-efni í þessum flokki var kenning af einhverju tagi, heimspekileg umræða um álitamál og hugmyndafræðilegur áróður.

Bréf sem voru skrifuð við ímyndaðar aðstæður voru skrifuð undir fölsku höfundarnafni. Ennfremur voru þau ekki eiginleg bréf og ekki hugsuð sem eiginleg sendibréf. Oft var þessi bréf að finna í öðrum, umfangsmeiri textum. Stundum var um kennslubríf að ræða, þ.e.a.s. bréfaform sem kennt var í skólum,⁴⁷ og stundum var um hreina skemmtun að ræða að baki viðkomandi bréfi.⁴⁸

Með þessi atriði í huga er vert að huga að bréfum Nýja testamentisins, en þau má að nokkru leyti flokka eftir þessum viðmiðum um aðstæður við bréfaskriftirnar. Eins og við munum sjá er form þeirra nokkuð breytilegt.

⁴² Stirewalt, *Studies*, bls. 1–2.

⁴³ Það er erfiðleikum háð að finna gott orð fyrir enska orðið *normative*, sem auk þess er ekkert sérlega heppilegt heldur á því tungumáli. Hugsanlega væri hægt að tala um „raunverulegar“ eða „ekta“ aðstæður, en gallinn á þeim orðum er sá að „víðari aðstæður“ geta einnig vísað til raunverulegra eða ekta aðstæðna.

⁴⁴ Stirewalt talar ýmist um *personal*, *familiar* eða *personal familiar*.

⁴⁵ Stirewalt, *Studies*, bls. 2.

⁴⁶ Stirewalt, *Studies*, bls. 3.

⁴⁷ Sbr. t.d. P.Fay. 19.16–20 (2. öld e.Kr.) sem er kennslubríf í afritun og P.Bon. 5 (3.–4. öld e.Kr.) sem er kennslubríf í bókmenntafræðilegri uppbyggingu.

⁴⁸ Sbr. t.d. Æskines, *Ep.* 10, sem er erótískt bréf.

Form bréfa Nýja testamentisins

Almennu bréfin

Hin svokölluðu „almennu bréf“ Nýja testamentisins eru kölluð svo vegna þess að þau þykja fjalla að mestu leyti um almenn málefni og voru síður bundin við ákveðnar aðstæður sendanda eða viðtakenda. Þetta á við um sum þessara bréfa, en ekki öll: Annað og Þriðja Jóhannesarbréf eru greinilega bundin við tiltekna aðstæður.

Í þessu sambandi ber einnig að geta þess að ekki eru öll „bréf“ Nýja testamentisins eiginleg bréf. Þetta á einna helst við um hið svokallaða Hebraebréf sem í fornöld var kennt við Pál postula (mér vitanlega heldur enginn fræðimaður því fram í dag að Páll sé höfundurinn). Að formi til er textinn fremur ræða en bréf og því færi betur á að tala um Hebraeræðuna, þ.e.a.s. ef halda á þessari skírskotun til Hebraea í titlinum. Gríska yfirskriftin er einungis „til hebraea“ (*pros hebraious*). Vissulega er að finna *parakalō*-formúlu og kveðjur í lok textans (13.22–24) sem væri í samræmi við bréfaformið, en tilvísunin í Tímóteus („bróðir okkar Tímóteus“) í 13.23, sem að öllum líkindum á að vera samverkamaður Páls,⁴⁹ bendir til þess að það textabrot sé seinni tíma viðbót við textann, hugsuð til að láta textann líta út fyrir að vera bréf og tengja hann enn frekar við Pál postula. Að öðru leyti en þessu koma sérstakar bréfaformúlur ekki fyrir í „Hebraebréfinu“.

Svipaða sögu má segja af Fyrsta Jóhannesarbréfi sem inniheldur engin formleg einkenni bréfs, hvorki í upphafi né í niðurlagi textans. Á hinn bóginn talar höfundur stundum um að hann sé að skrifa til viðtakendanna, eins og um bréf sé að ræða (t.d. 2.1, 7, 12–13, 26). Af þeim sökum má e.t.v. hugsa sér að textinn hafi upphaflega innihaldið formlegan bréfsinngang (og niðurlag) sem af einhverjum ástæðum hefur fallið brott. Annars inniheldur textinn mörg einkenni þess að um ræðu sé að ræða. Öðru máli gegnir um Annað og Þriðja Jóhannesarbréf. Þau innihalda bæði hefðbundinn inngang með sendandann í nefnifalli og viðtakendur í þágufalli, sem gefur til kynna að sendandi sé ekki undir viðtakendur settur félagslega, heldur tjáir orðalagið fremur hlutlaust samband á milli sendanda og viðtakenda. Þó er sá möguleiki fyrir hendi að sendandinn sé viðtakendum æðri að þessu leyti, þar sem yfirvöld notuðu oft á tíðum þetta form til að tjá velvilja sinn í garð viðtakenda. Í Öðru Jóhannesarbréfi eru auk þess notuð orðin *charis* („náð“) og *eirēnē* („friður“) í upphafs-kveðjunni (v. 3) en *charis* er annað form af hinnar hefðbundnu kveðju *chairein* og *eirēnē* skírskotar til hebresku kveðjunnar *shalom*. Kveðjan er því ákveðin blanda af grískri og hebreskri kveðju. Inngangurinn er á þessa leið: „Öldungurinn (nf.) til hinnar útvöldu frúar og barna hennar (þgf.) [...] náð, miskunn og friður mun vera með okkur [...]“. Inngangurinn inniheldur þrjú vers og er óvenju langur sem slíkur. „Öldungurinn“ segir engin nánari deili á sér, en gömul hefð er fyrir því að tengja þessi bréf við Jóhannes postula. Auk þessa inniheldur Annað Jóhannesarbréf beiðniformúlu með sögninni *erōtō* (v. 5): „Og nú bið ég þig, kæra frú, án þess þó að skrifa þér nýtt boðorð heldur það er við höfðum frá upphafi, að við elskum hvert annað.“ Beiðniformúlan kann að tjá meginefni bréfsins. Þriðja Jóhannesarbréf hefst á þessa leið: „Öldungurinn (nf.) til elskaðs Gajusar (þgf.) sem ég elska í sannleika.“ Inngangurinn inniheldur enga formlega kveðju, hvorki með orðinu *chairein* né *eirēnē*. Bæði Annað og Þriðja Jóhannesarbréf enda á hefðbundinn hátt með kveðjum sem tjáðar eru með sögninni *aspazōmai* (2Jóh 13; 3Jóh 15). Á mælikvarða Nýja testamentisins eru þessi bréf afar stutt en miðað við grísk-rómversk bréf almennt séð eru þau af meðallengd. Enda þótt bréfin séu kennd við Jóhannes — líklega postulann Jóhannes — kemur

⁴⁹ Sbr. Róm 16.21; 1Kor 4.17; 16.10; 2Kor 1.1, 19; Fil 1.1; 2.19; 1Þess 1.1; 3.2, 6; Fílem 1.

„Jóhannes“ ekki fyrir í textunum. Sendandinn er tilgreindur sem „öldungurinn“ (*ho presbyteros*).

Jakobsbréf er eina bréfið sem byrjar á hefðbundinn hátt með sögninni *chairein* í nafnhætti: „Jakob, þjónn Guðs og drottins Jesú Krists (nf.), til hinna tólf ættkvísla í dreifingunni (þgf.), kveðja (*chairein*).“ Formið er félagslega hlutlaust, enda þótt æðri persóna geti notað það (sem væri líklega tilfellið ef „Jakob“ á að vera Jakob bróðir Jesú),⁵⁰ sem á hinn bóginn tiltekur auðmýkt sína gagnvart Guði og söfnuði hans með því að lýsa sér sem „þjóni Guðs og drottins Jesú Krists“. Þar fyrir utan eru engin sérstök bréfseinkenni á textanum, nema ef vera skyldi frasinn *pro pantōn* („umfram allt“) í lok bréfsins (5.12) sem var oft notaður með ósk um góða heilsu, en birtist hér með eidi sem finna má sem formúlu í grísk-rómverskum bréfum.⁵¹

Öðru máli gegnir um Fyrra Pétursbréf sem inniheldur mörg einkenni bréfs. Þannig má sjá *parakalō*-formúlu í 2.11 og 5.1, ásamt lokakveðjum með sögninni *aspazomai* í 5.13–14. Bréfið hefst með hefðbundnum hætti með sendanda í nefnifalli og viðtakendur í þágufalli, en í kjölfarið fylgir kveðjan *charis hymin kai eirēnē* („náð sé með ykkur og friður“) sem skírskotar til grísku sagnarinnar *chairein* og hebreska orðsins *shalom*. Inngangurinn er á þessi leið: „Pétur postuli Jesú Krists (nf.) til hinna útvöldu sem lifa sem útlendingar meðal þjóðanna í Pontus, Galatíu, Kappadókiu, Asíu og Bihýnía (þgf.) [...] náð sé með ykkur og margfaldur friður.“ Fjöldi viðtakendanna bendir til þess að bréfið hafi verið hugsað sem „farandbréf“, þ.e.a.s. bréf sem ætlað var að ferðast á milli þessara staða. Miðað við bréfsinngang yfirleitt er inngangurinn hér fremur ítarlegur og felst það fyrst og fremst í lýsingunni á viðtakendum bréfsins. Form inngangsins með sendanda í nefnifalli og viðtakendur í þágufalli kann að vera hlutlaust, en lýsing sendandans á sjálfum sér sem „postula Jesú Krists“ gefur honum aukið vægi sem yfirvaldi gagnvart þessum tilteknu söfnuðum. Og formið gefur honum færi á því að tilgreina vald sitt og sýna sendendum tilhlýðilega virðingu á sama tíma. Beiðniformúlurnar í 2.11 og 5.1 undirstrika mikilvægi þess sem þar er sagt, annars vegar að viðtakendurnir haldi sig frá holdlegum girndum og hins vegar að „öldungarnir“ í söfnuðunum komi fram sem hirðar þeirra. Lokakveðjurnar með sögninni *aspazomai* gefa frekari mynd af bréfinu sem raunverulegu bréfi, enda þótt ástæða sé til að ætla að bréfið beri falskt höfundarnafn.⁵²

Í Síðara Pétursbréfi er notaður sambærilegur inngangur og í Fyrra Pétursbréfi, þar sem Pétur postuli tilgreinir sig bæði af auðmýkt og festu sem „þjón og postula Jesú Krists“ í nefnifalli, en viðtakendur eru tilgreindir á hefðbundinn hátt í þágufalli: „þeim sem Guð vor og frelsari Jesús Kristur hefur í réttlæti sínu gefið sömu dýrmætu trú og mér.“ Líkt og í Fyrra Pétursbréfi er kveðjan blanda af grísku og hebresku formi: *charis hymin kai eirēnē* („náð sé með ykkur og friður“). Júdasarbréf, sem á margt skylt með Síðara Pétursbréfi hvað innihald varðar,⁵³ hverfur lítið eitt frá gríska forminu og notar *eleos* („miskunn“) í stað *charis*, ásamt *eirēnē*. Júdas tilgreinir sjálfan sig í nefnifalli sem „þjón Jesú Krists og bróður Jakobs“, sem, eins og höfundur Síðara Pétursbréfs, gefur bæði til kynna auðmýkt („þjónn“) og vald (sem „bróðir Jakobs“). Sjálf bréfaformúlan er á hinn bóginn hlutlaus hvað þetta varðar. Viðtakendurnir standa í þágufalli: „þeim sem eru elskaðir í Guði og kallaðir og varðveittir í Jesú Kristi“. Að öðru leyti er ekki um neinar eiginlegar bréfaformúlur að ræða í þessum tveimur

⁵⁰ Sbr. Gal 1.19; 2.9. Jakob postuli er líklega ekki höfundur bréfsins; sjá Klauck, *Ancient Letters*, bls. 338.

⁵¹ Fred O. Francis, „The Form and Function of the Opening and Closing Paragraphs of James and I John“, *Zeitschrift für die neutestamentliche Wissenschaft* 61/1970, bls. 110–126, hér 125.

⁵² Sjá Klauck, *Ancient Letters*, bls. 340.

⁵³ Sjá Klauck, *Ancient Letters*, bls. 415–419.

bréfum. Formlegur inngangur þeirra gefur til kynna að um raunveruleg bréf hafi verið að ræða. Í ljósi efasemda um rétt höfundarnöfn⁵⁴ kunna þau þó að hafa verið rituð í þessu formi með það fyrir augum að líkja eftir bréfi. Að viðkomandi höfundar séu „Pétur postuli“ og „Júdas bróðir Jesú“ hefur síðan gefið textunum aukið vægi kenningarlega séð.

Pálsbréf

Hvaða bréf skrifaði Páll postuli? Fræðimenn eru almennt sammála um það að Páll hafi skrifað sjö bréf sem eru eignuð honum: Rómverjabréfið, Fyrra og Síðara Korintubríf, Galatabréfið, Filippibréfið, Fyrra Þessalóníkubríf og Fílemonsbréfið. Fyrra Þessalóníkubríf er elst. Umdeilt er hvort Páll skrifaði Síðara Þessalóníkubríf, Kólossubríf og Efesusbréfið (þar sem mestar líkur eru taldar á því að hann hafi skrifað Síðara Þessalóníkubríf og meiri líkur taldar á því að hann hafi skrifað Kólossubríf en Efesusbréfið), en flestir fræðimenn telja að hann hafi ekki skrifað Hirðisbréfin svokölluðu, þ.e.a.s. Fyrra og Síðara Tímóteusarbréf og Títusarbréf.⁵⁵

Ef lítið er á óumdeildu bréfin sjö er fyrst að nefna að það er í þeim sem notkun hefðbundinna bréfaformúlna er tíðust í Nýja testamentinu. Rómverjabréfið hefur Pál einan sem sendanda, en hin bréfin fimm innihalda fleiri en einn sendanda, Tímóteus, Silvanus eða Sósþenes, ásamt Páli. Í Galatabréfinu eru „allir bræðurnir sem með mér eru“ nefndir sem meðsendendur. Í Fyrra Þessalóníkubrési er síðan fleirtala fyrstu persónu notuð í gegnum allt bréfið en í hinum bréfunum er fljótlega skipt yfir í fyrstu persónu eintölu þar sem Páll er eini mælandinn. Tilgangurinn með því að tilgreina samverkamenn Páls sem meðhöfunda er líklega sá að gefa bréfunum meira vægi sem safnaðarbréf þar sem Tímóteus, Silvanus og Sósþenes voru vel þekktir í viðkomandi söfnuðum. Slíkir meðhöfundar eru þó fremur sjaldgæfir í fornum bréfum.⁵⁶ Bréf Páls eru mismunandi að lengd en sé athugað hversu löng þau eru að meðaltali kemur í ljós að þau eru talsvert lengri en lengstu bréf fornaldar. Dæmigerð papýrusbréf frá Egyptalandi eru styttri en stysta bréf Páls, Fílemonsbréfið, en bréf Seneca, sem mörg hver eru býsna löng, eru talsvert styttri að meðaltali en bréf Páls (meðallengd bréfa Seneca er 995 orð en meðallengd Pálsbréfa er 2495 orð).⁵⁷

Svipaða sögu má segja af inngangi sumra bréfa Páls. Þannig inniheldur Rómverjabréfið lengsta þekktan inngang meðal fornra bréfa.⁵⁸ Fyrra Korintubríf og Galatabréfið innihalda einnig óvenju langan inngang. Annars fylgir Páll að mörgu leyti þekktum bréfahefðum í ritun sinni á inngangi. Í öllum bréfum sínum notar hann formúluna „A (nf.) til B (þgf.)“, sem felur annað hvort í sér að hann telur sig jafnan viðtakendum bréfsins félagslega séð og vill kynna sig þannig eða að hann telur sig vera herra settan að þessu leyti en vill kynna sig með diplómátskt hlutlausu formi, líkt og höfundar opinberra bréfa gerðu gjarnan. Reyndar er ýmsar hliðstæður að finna á milli þess forms sem Páll notar í Rómverjabréfinu og Korintubrífum og þess forms sem var notað í opinberum bréfum, eins og við sjáum til að mynda í diplómátskum og konunglegum bréfum.⁵⁹ Þeim titlum eða nafnbótum sem Páll

⁵⁴ Sjá t.d. Bart D. Ehrman, *The New Testament: A Historical Introduction to the Early Christian Writings*, 6. útg., New York: Oxford University Press, 2016, bls. 523–525.

⁵⁵ Flest inngangsrít um Pálsbréf innihalda yfirlit yfir þessa umræðu, sbr. t.d. Ehrman, *New Testament*, bls. 335–337; Walter F. Taylor Jr., *Paul, Apostle to the Nations: An Introduction*, Minneapolis: Fortress, 2012, bls. 21–28.

⁵⁶ Sjá Murphy-O'Connor, *Paul the Letter-Writer*, bls. 17; E. Randolph Richards, *Paul and First-Century Letter Writing: Secretaries, Composition and Collection*, Downers Grove: InterVarsity Press, 2004, bls. 34.

⁵⁷ Richards, *Paul and First-Century Letter Writing*, bls. 163.

⁵⁸ Samuel Byrskog, „Epistolography, Rhetoric and Letter Prescript: Romans 1.1–7 as a Test Case“, *Journal for the Study of the New Testament* 65/1997, bls. 27–46, hér 38.

⁵⁹ Thorsteinsson, *Paul's Interlocutor*, bls. 32–34. Sjá einnig Stirewalt, *Paul, the Letter Writer*, bls. 33–46.

notar um sjálfan sig í inngangi þessara bréfa svipar til þeirra titla sem notaðir eru í bréfum af þessu tagi: „Páll, þjónn Krists Jesú, kallaður til að vera postuli, valinn til að boða fagnaðarerindi Guðs“ (*Paulos doulos Christou Iēsou, kletos apostolos afōrismenos eis euangelion þeou*, Róm 1.1). Tilgangur Páls með þessum nafnbótum er líklega sá að áréttu kennivald sitt gagnvart viðkomandi söfnuðum, jafnvel þótt hann hafi aldrei komið til þeirra áður (í tilviki Rómverjabréfsins), um leið og hann undirstrikar auðmýkt sína með því að tilgreina sig sem „þjón“ Jesú Krists (Róm 1.1, sbr. Fil 1.1). Sendendur opinberra bréfa voru oft titlaðir á viðeigandi máta til að tilgreina og áréttu félagslega stöðu viðkomandi gagnvart viðtakendum. Lesendur þeirra Pálsbréfa þar sem samsvarandi titlar eru notaðir um hann hafa eflaust sett kynningu Páls í opinbert samhengi, þar sem opinber bréf voru oft á tíðum hengd upp á almannafæri, lesendum til upplýsingar, eins og áður sagði.

Viðtakendur Pálsbréfa eru síðan tilgreindir í þágufalli í samræmi við gildandi venjur. Þeir eru sömuleiðis tilgreindir nánar, eins og sjá má í langri lýsingu Fyrra Korintubrúfs: „[...] söfnuði Guðs í Korintu, þeim sem Guð hefur helgað Kristi Jesú og kallað til að vera heilagir, ásamt öllum þeim sem alls staðar ákalla nafn drottins vors Jesú Krists, sem er þeirra drottinn og vor“ (*tē ekklesía tou þeou tē ousē en Korinþō, hēgiasmenois en Christō Iēsou, kletois hagiois, syn pasin tois epikaloumenois to onoma tou kyriou hēmōn Iēsou Christou en panti topō, autōn kai hēmōn*, 1.2). Fyrra Þessalóníkubrúf inniheldur styttri útgáfu: „[...] söfnuði Þessalóníkumanna sem er í Guði föður og drottni Jesú Kristi“ (*tē ekklesía Þessalonikeōn en þeō patri kai kyriō Iēsou Christō*, 1.1). Fílemonsbrúfið er augljóslega frábrugðið að formi til þar sem það er eina brúfið sem skrifað er til einstaklings, enda þótt þeir séu margir sem brúfið er stúlað á: „elskuðum vini okkar og samverkamanni, Fílemon, ásamt Appíu systur okkar og Arkippusi samherja okkar og söfnuðinum sem kemur saman í húsi þínu [þ.e.a.s. húsi Fílemons]“ (*Fílemoni tō agapētō kai synergō hēmōn kai Appía tē adelfē kai Archippō tō systratiōtē hēmōn kai tē kat' oikon sou ekklesía*, 1–2) (frá og með vers 3 mælir Páll eingöngu til Fílemons). Af þessu má sjá að Páll beitti meiri fjölbreytni að þessu leyti en tíðkaðist jafnan í grísk-rómverskum bréfum, þar sem formúlur tengdar viðtakendum bréfanna voru nokkuð fastmótaðar og einfaldar, jafnvel í opinberum bréfum.⁶⁰

Svipaða fjölbreytni má sjá í formlegri kveðju Páls: „kveðja“, sem í grísk-rómverskum bréfum var tjáð með sögninni *chairein* í nafnhætti. Líkt og við sáum í nokkrum af hinum „almennu bréfum“ Nýja testamentisins (sem líklega hafa verið undir áhrifum frá Páli, frekar en öfugt) blandar Páll saman grískri og hebreskri kveðju: „Náð (*charis*) sé með yður og friður (*eirēnē*) frá Guði föður vorum og drottni Jesú Kristi“. Þetta form er notað í öllum bréfum Páls nema Fyrra Þessalóníkubrúfi sem inniheldur einungis „Náð sé með yður og friður“ (1.1). Með þessari blöndu af grískri og hebreskri kveðju er gyðinglegur bakgrunnur Páls og grískt-rómverskt samhengi hans áréttað.

Meginhlutar Pálsbréfa innihalda einnig sérstakar bréfaformúlur sem gefa til kynna samband Páls og viðtakenda bréfanna og/eða leggja áherslu á einstök atriði brúfsins. Í fyrsta lagi má sjá þakkargjörð sem hefst oftast á orðum eins og „Við þökkum Guði fyrir ykkur öll er við minnumst ykkar í bænum okkar“ (*eucharistoumen tō þeō pantote peri pantōn hymōn mneian poioumenoi epi tōn proseuchōn hēmōn*, 1Þess 1.2). Slíka þakkargjörð er að finna í upphafi meginhluta allra Pálsbréfa fyrir utan Galatabrúfið og Síðara Korintubrúf (sem inniheldur blessun í stað þakkargjörðar). Efni Galatabrúfsins, þar sem Páll er afar harðorður í garð viðtakendanna, gefur ekki tilefni til þakkargjörðar, en sú staðreynd sýnir að notkun hennar er háð efni brúfsins og sambandinu á milli sendanda og viðtakenda. Rétt er að geta þess að staðsetning

⁶⁰ Sjá Thorsteinsson, *Paul's Interlocutor*, bls. 37–38.

Þakkargjörðar Páls er ekki bundin við upphaf meginhlutans, heldur getur hún komið fyrir hvar sem er í bréfinu,⁶¹ líkt og sjá má í öðrum grísk-rómverskum bréfum.⁶² Notkunin er því nokkuð fjölbreytileg. Þakkargjörðir í öðrum fornum bréfum tjá gjarnan þakkir fyrir góða heilsu viðkomandi⁶³ ellegar björgun úr hættu,⁶⁴ en hjá Páli eru þakkirnar ávallt veittar vegna trúar viðtakendanna og hlýðni við fagnaðarerindi Guðs (Róm 1.8; 1Kor 1.4–7; Fil 1.3–6; 1Þess 1.2–10; Fílem 4–7). Líkt og áður sagði voru þakkargjörðir af þessu tagi oft notaðar sem *captatio benevolentiae* þegar þær komu fyrir í upphafi textans, þ.e.a.s. tilraun höfundarins til að „fang“ velvilja viðtakendanna áður en meginefni textans var borið upp. Þetta á að öllum líkindum einnig við um Pál.⁶⁵ Sem dæmi má nefna Rómverjabréfið 1.8nn þar sem Páll þakkar Guði fyrir viðtakendurna vegna trúar þeirra og hlýðni (*pistis*) sem þekkt er í gjörvöllum heiminum (*en holō tō kosmō*). Páll ákallar síðan Guð sem vitni að því að hann minnst viðtakendanna „stöðugt“ (*adialeiptōs*) í bænum sínum. Postulinn virðist hins vegar vita upp á sig sökina þar sem hann hefur enn ekki komið til að vitja safnaðarins (eða safnaðanna)⁶⁶ í Róm þrátt fyrir að hafa ætlað sér það lengi (1.10–13). Af þeim sökum vill hann freista þess að tryggja velvilja viðtakendanna í hans garð með því að nota þakkargjörðarformúlu. Svipað er uppi á teningnum í Fyrri Korintubrési 1.4–9 þar sem Páll virðist hafa í hyggju að milda viðtakendurna lítilega með þakkargjörðarformúlu og tilheyrandi hrósi áður en hann tekur til við að ávíta þá fyrir flokkadrætti (1.10 og áfram). Á þessu má sjá að þakkargjörðarformúlan er ekki notuð af gömlum vana eða vegna þess að hún tilheyrði einfaldlega bréfaforminu, heldur hafði hún ákveðið retórískt hlutverk.

Í öðru lagi notar Páll gjarnan afhjúpunarformúlu í bréfum sínum: „Ég vil að þið vitið [...]“ eða samsvarandi. Rannsókn á notkun slíkra formúla í grísk-rómverskum bréfum hefur leitt í ljós að höfundar innleiddu oft meginhluta bréfa sinna með afhjúpunarformúlu.⁶⁷ Notkunin var á hinn bóginn ekki bundin við slíkt hlutverk, heldur gat formúlan komið fyrir hvar sem er í bréfinu.⁶⁸ Í samræmi við þetta var notkun Páls á formúlunni nokkuð fjölbreytileg: Þrisvar má sjá hana í eða nærri upphafi meginhlutans (Róm 1.13; 2Kor 1.8; Fil 1.12) en oftast kemur hún þó fyrir í öðrum hlutum meginhlutans (Róm 11.25; 1Kor 10.1; 11.3; 12.1; 1Þess 4.13).⁶⁹ Í sumum grísk-rómverskum bréfum var formúlan notuð til að tilgreina meginefni bréfsins en svo virðist ekki hafa verið hjá Páli. Postulinn nýtti hana hins vegar til að leggja áherslu á einstök atriði bréfsins en slíkt var einmitt meginhlutverk þessarar formúlu. Ef við höldum okkur við upphaf Rómverjabréfsins sem dæmi, þá má sjá að Páll notar afhjúpunarformúlu til að leggja áherslu á það að hann hafi í hyggju að heimsækja

⁶¹ Sbr. Róm 6.17; 7.25 (með *charis/eucharistō*); 1Kor 1.14; 14.18; 15.57; 2Kor 2.14; 8.16; 9.15 (með *charis tō peō*); 1Þess 2.13 (með sögninni *eucharistō*); 3.9 (*eucharistian tō peō antapodounai*). Sjá einnig 1Kor 10.30; 2Kor 1.11; 4.15; 9.11, 12.

⁶² Sjá umfjöllun í Mullins, „Formulas“, bls. 381–382, 386–387; Arzt, „The ‚Epistolary Introductory Thanksgiving‘“, bls. 33–35; Reed, „Are Paul’s Thanksgivings Epistolary?“, bls. 96.

⁶³ T.d. P.Lond. 1.42.9–10 (168 f.Kr.).

⁶⁴ T.d. UPZ 1.60 (168 f.Kr.); 2Makk 1.11–17. Frekari dæmi er að finna í Schubert, *Form and Function*, bls. 158–179; Arzt, „The ‚Epistolary Introductory Thanksgiving‘“, bls. 31–37.

⁶⁵ Thorsteinsson, *Paul’s Interlocutor*, bls. 29–30, 44–46. Sjá einnig Berger, „Apostelbrief“, bls. 219–224; idem, „Hellenistische Gattungen“, bls. 1047; Aune, *The New Testament*, bls. 186; Peter Lampe, *Die stadtrömischen Christen in den ersten beiden Jahrhunderten*, WUNT 2.18; Tübingen: Mohr (Siebeck), 1987, bls. 55, 127 nmgr. 11; A.B. du Toit, „Persuasion in Romans 1:1–17“, *Biblicalische Zeitschrift* 33/1989, bls. 192–209, hér 206; Murphy-O’Connor, *Paul the Letter-Writer*, bls. 62.

⁶⁶ Við vitum ekki hvort um einn eða fleiri söfnuði var að ræða í Róm. Páll nefnir „alla þá sem Guð elskar í Róm og kallar til heilags lífs“ (1.7). Hann talar aldrei um „söfnuðinn“ (*ekklesía*) í Róm. Sjá umfjöllun í Peter Lampe, *From Paul to Valentinus: Christians at Rome in the First Two Centuries*, þýð. Michael Steinhauser, Minneapolis: Fortress, 2003, bls. 359–365.

⁶⁷ Sbr. P.Mich. 1.6.1–2 (257 f.Kr.); P.Köln 1.56.3; P.Oslo.Inv. 1475.3 (1. öld e.Kr.); P.Mich. 8.464.3–4 (99 e.Kr.); P.Oslo 2.50.3 (1.–2. öld e.Kr.); P.Oxy. 8.1155.2–3 (104 e.Kr.); Demospenes, *Ep.* 3.1.

⁶⁸ Sbr. Sherck, *Roman Documents*, nr. 21, dálkur 2.6; 49, A13; 49, B3; 52.21; Artaxerxes, *Ep.* 2; Jósefus, *A.J.* 16.173; P.Oxy. 4.743.27–28 (2. öld f.Kr.); P.Oslo 3.151.9–10 (1.–2. öld e.Kr.); BGU 4.1040.4–5, 15, 28, 29–30 (2. öld e.Kr.); P.Hamb. 2.192.17–18 (3. öld e.Kr.).

⁶⁹ Einnig má nefna 1Kor 12.3; 15.1; 2Kor 8.1; Gal 1.11, sem svipar til afhjúpunarformúla.

söfnuðinn (eða söfnuðina) í Róm á næstunni: „Ég vil ekki að ykkur sé ókunnugt um, bræður og systur, að ég hef margsinnis reynt að koma til ykkar, en verið hindraður til þessa“ (1.13). Afhjúpunarformúlan undirstrikar alvöru þeirrar staðhæfingar að Páll hafi margsinnis gert tilraun til að heimsækja Róm. Annað dæmi má finna í 11.25, en í textanum á undan, í 9.1–11.24, hefur Páll verið að ræða stöðu þeirra Gyðinga sem hafa ekki tekið trú á Jesú sem messías, stöðu sem veldur mikilli hryggð og kvöl hjá Páli (9.1–4). Í 11.25 segir Páll svo: „Ég vil ekki, bræður og systur, að ykkur sé ókunnugt um leyndardóm þennan, að [...] hluti af Ísrael hefur orðið forhertur allt þar til allir heiðingjar eru komnir inn, en þá mun allur Ísrael frelsast.“ Til að leggja áherslu á þessa meginniðurstöðu, þ.e.a.s. að allir Gyðingar muni um síðir taka trú á Jesú sem messías, notar Páll afhjúpunarformúlu. Þannig getur notkun formúlunnar sýnt hvar megináherslur höfundar liggja í viðkomandi texta.

Í þriðja lagi koma fyrir *parakalō*-formúlur eða beiðniformúlur hjá Páli sem hann notar til að beiðast einhvers ellegar miðla hvatningu: „Þess vegna bið/hvet ég ykkur, bræður og systur, að [...]“ eða samsvarandi, oftast með sögninni *parakalō* (Róm 12.1; 15.30; 16.17; 1Kor 1.10; 4.16; 16.12, 15; 2Kor 2.8; 6.1; 8.6; 9.5; 10.1; 12.8, 18; Fil 4.2; 1Pess 2.12; 4.1, 10; 5.14; Fílem 9, 10), en einnig með sögninni *erōtō* (Fil 4.3; 1Pess 4.1; 5.12). Ólíkt sögnum eins og *axiō* og *deomai*, sem tjáðu undirgefni, eru sagnirnar *parakalō* og *erōtō* gjarnan notaðar í diplómáttísku samhengi þar sem sendandi og viðtakendur eru annað hvort jafnir félagslega séð eða sendandinn yfir viðtakendurnar hafinn að því leyti (en vill tjá velvild sína gagnvart viðtakendunum). Páll fylgir hefðbundinni notkun þessarar formúlu og notar hana stundum til að tjá meginefni bréfsins og/eða þar sem meginartilvik verða í textanum. Hvort tveggja má sjá í Rómverjabréfinu 12.1: „Þess vegna hvet ég ykkur, bræður og systur, að þið, fyrir tilstilli miskunnar Guðs, bjóðið líkama ykkar fram sem heilaga, lifandi fórn, Guði þóknanlega, sem er hin rökréttu guðsdýrkun af ykkar hálfu.“ Með þessari *parakalō*-formúlu verða vatnaskil í textanum (orðin „þess vegna“ sýna að dregin er ályktun af köflum 1–11 í heild) og megintilfni bréfsins eða eitt af tilefnum bréfsins eru kynnt: Í ljósi þess sem sagt hefur verið (í köflum 1–11) vill Páll að viðtakendurnir séu reiðubúnir að helga líf sitt Guði. Það má jafnvel færa rök fyrir því að *parakalō*-formúlan marki miðpunkt bréfsins hvað bréfastrúktúr varðar.⁷⁰ Á allt öðrum stað í bréfinu, þ.e.a.s. í upphafi meginhlutans, notar Páll einnig *parakalō*-formúlu í Fyrri Korintubrési 1.10: „Ég bið ykkur, bræður og systur, fyrir tilstilli nafns drottins vors Jesú Krists, að vera samhuga og að ekki séu flokkadrættir á meðal ykkar.“ Hér er ekki um að ræða mikilvæg skil í textanum, en einn megintilgangur bréfsins er hins vegar sá að sannfæra viðtakendurnar um að taka sig saman í andlitinu og stöðva alla flokkadrætti. Beiðniformúlan er þannig notuð til að undirstrika mikilvægi þessarar beiðni Páls.

Páll lýkur bréfum sínum að mörgu leyti í samræmi við ríkjandi venjur. Í öllum bréfum sínum nema Galatabréfinu sendir hann kveðjur til tiltekinna einstaklinga eða hópa, stundum frá öðrum einstaklingum eða hópum, ellegar skilar kveðjum frá einhverjum nærstöddum. Þetta gerir hann með sögninni *aspazomai* sem var almennt notuð í þessu sambandi í grísk-rómverskum bréfum. Sem dæmi segir hann í Filippibréfinu: „Heilsid (*aspasaspe*) öllum heilögum í Kristi Jesú. Bræðurnir sem með mér eru heilsa ykkur. Allir heilagir heilsa ykkur, en sér í lagi þeir sem tilheyra húsi keisarans“ (4.21–22). Hvað magn varðar eru kveðjurnar oftast nær hóflegar, en öðru máli gegnir þó um Rómverjabréfið sem inniheldur hvorki meira né minna en tuttugu kveðjur til og frá mismunandi einstaklingum eða hópum. Ástæðan fyrir þessum mikla fjölda í Rómverjabréfinu er líkast til sú að postulinn hafði ekki stofnað

⁷⁰ Thorsteinsson, *Paul's Interlocutor*, bls. 53–54.

söfnuðinn í Róm og hafði heldur ekki komið þangað þegar þarna var komið sögu, sem skapaði þörfina fyrir að sýna fram á góð tengsl sín við tiltekna einstaklinga á staðnum, meðal annars með því að senda kveðjur til þeirra ellegar skila kveðjum til safnaðarins eða safnaðanna í Róm frá nokkrum vel völdum einstaklingum eða hópum.⁷¹ Athygli vekur að ritari Páls, Tertíus að nafni, biður einnig að heilsa söfnuðinum: „Ég, Tertíus, sem hef ritað bréfið, heilsa ykkur“ (16.22). Nokkuð algeng er ennfremur ósk Páls um að viðtakendur bréfsins heilsa hver öðrum með „heilögum kossi“ (Róm 16.16; 1Kor 16.20; 2Kor 13.12; 1Þess 5.26).

Fræðimenn eru almennt sammála um það að Páll hafi notað ritara við skrif sín, eins og tilvísunin í Tertíus bendir til.⁷² Í samræmi við viðteknar venjur innihalda tvö af bréfum hans eiginhandaráritun Páls, eins og sjá má í Fyrri Korintubrési: „Kveðjan er með minni eigin, Páls, hendi“ (16.21). Það má sjá að Páli er mikið niðri fyrir þegar hann skrifar eftirfarandi í lok Galatabréfsins: „Sjáið með hversu stórum stöfum ég skrifa ykkur með eigin hendi!“ (6.11). Þessi orð eiga ekki við um ritun bréfsins í heild, heldur um eiginhandaráritun Páls.

Eins og áður sagði voru til sérstök bréf til forna sem höfðu það hlutverk að mæla með tilteknum einstaklingum. Slík meðmælubríf voru afar algeng, en stundum var meðmælum komið fyrir í lok (lengri) bréfa. Þetta sjáum við til að mynda í niðurlagi Rómverjabréfsins, þar sem Páll fylgir grísk-rómverskum bréfavenjum þegar hann mælir með Föbe, sem kann að hafa verið sú persóna sem flutti bréfið til Rómar:⁷³ „Ég bið ykkur fyrir (*synistemi*) Föbe, systur okkar, sem er djákni (*diakonon*) safnaðarins í Kenkreu. Takið við henni í drottnei eins og hinum heilögu ber og hjálpið henni með allt sem hún þarf að fá hjá ykkur. Því hún hefur verið bjargvættur margra, einnig minn“ (16.1–2). Samanburður á þessum meðmælum og formi hefðbundinna meðmælubrifa sýnir að þessi hluti bréfsins hefur verið skrifaður með hliðsjón af formi slíkra bréfa.⁷⁴ Það er hugsanlegt að ritari Páls, Tertíus, hafi átt stærstan þátt í því að móta meðmælin með Föbe.⁷⁵ Af þessu má ljóst vera að Páll fylgir að verulegu leyti hefðbundnum leiðum við að skrifa bréf. En eins og við höfum áður séð fer Páll einnig sínar eigin leiðir í bréfaskrifum sínum. Þannig er kveðjan „Nád Guðs sé með ykkur“ eða samsvarandi form (gjarnan að viðbætti kærleikskveðju) algengasta leið hans til að kveðja lesendur sína (1Kor 16.23–24; 2Kor 13.13; Gal 6.18; Fil 4.23; 1Þess 5.28; Filem 25). Slíkt form átti ekki rætur að rekja til grísk-rómverskra bréfaskrifa.

Bréf í „skóla“ Páls

Þegar talað er um „skóla“ Páls er ekki átt við eiginlegan skóla heldur hefð innan ákveðins ramma, í þessu tilviki Pálshefðar þar sem eftirmenn Páls og fylgjendur koma tilteknum kenningum á papýrus og kenna þær við postulann.

Við byrjum á „Devteró-Páli“ (Páli öðrum), þ.e.a.s. Síðara Þessalóníkubrési, Kólossubrési og Efesusbrési. Höfundar þessara bréfa nota hefðbundna formúlu til að tilgreina sendendur

⁷¹ Thorsteinsson, *Paul's Interlocutor*, bls. 63–65.

⁷² Sjá sérstaklega Richards, *The Secretary*.

⁷³ Joseph A. Fitzmyer, S.J., *Romans: A New Translation with Introduction and Commentary*, The Anchor Bible 33, New York: Doubleday, 1993, bls. 729. Umfjöllun um póstkerfi fornaldar má sjá í Nicholas Purcell, „Postal service“, *Oxford Classical Dictionary*, 3. útg., Oxford: Oxford University Press, 1996, bls. 1233–1234; Eldon Jay Epp, „New Testament Papyrus Manuscripts and Letter Carrying in Greco-Roman Times“, *The Future of Early Christianity: Essays in Honor of Helmut Koester*, ritstj. B.A. Pearson, Minneapolis: Fortress, 1991, bls. 35–56; F.F. Bruce, „Travel and Communication (NT World)“, *Anchor Bible Dictionary* 6, ritstj. David N. Freedman, New York: Doubleday, 1992, bls. 648–653; Stephen R. Llewelyn, „Sending Letters in the Ancient World: Paul and the Philippians“, *Tyndale Bulletin* 46/1995, bls. 337–356, hér 339–349.

⁷⁴ Clinton W. Keyes, „The Greek Letter of Introduction“, *American Journal of Philology* 56/1935, bls. 28–44; Hannah M. Cotton, „Greek and Latin Epistolary Formulae: Some Light on Cicero's Letter Writing“, *American Journal of Philology* 105/1984, bls. 409–425.

⁷⁵ Richards, *The Secretary*, bls. 171.

og viðtakendur bréfanna, þ.e.a.s. „A (nf.) til B (þgf.)“, en líkt og hjá Páli sjálfum er kveðjan *charis hymin kai eirenē* („náð sé með ykkur og friður“) notuð í stað *chairein* í nafnhætti. Höfundarnir feta í fótspor Páls að þessu leyti. Sendendur eru ýmist Páll einsamall (Ef) eða Páll og aðrir með honum (2Þess, Kól). Í síðastnefnda tilvikinu skiptir höfundur tiltölulega fljótt yfir í fyrstu persónu eintölu (Kól 1.23), þar sem Páll er eini mælandinn, en í Síðara Þessalóníkubrési er notuð fyrsta persóna fleirtölu allt þar til í lokin þegar Páll kveður söfnuðinn með eigin hendi (3.17). Að þessu leyti fylgir höfundurinn Fyrra Þessalóníkubrési þar sem fyrsta persóna fleirtölu helst í gegnum bréfið og sendendur þess eru auk þess þeir sömu, þ.e. Páll, Silvanus og Tímóteus. Í Síðara Þessalóníkubrési er sendendanna ekki getið frekar (sbr. 1Þess), en í Kólossubrétinu og Efesusbrétinu báðum er Páli nánar lýst sem „postula Jesú Krists að vilja Guðs“. Þakkargjörðarformúluna má sjá í upphafi meginhlutans í Öðru Þessalóníkubrési (1.3) og Kólossubrési (1.3), en Efesusbréfið inniheldur blessun á sama stað (1.3). Þakkargjörð kemur einnig fyrir annars staðar í meginhlutanum (2Þess 2.13; Kól 1.12; Ef 1.16). Afhjúpunarformúlu Páls er ekki að finna í þessum bréfum, en hins vegar má sjá beiðniformúlu (*parakalō*-formúlu), til dæmis í Efesusbrétinu 4.1, sem er í fullu samræmi við notkun formúlunnar hjá Páli: „Ég, bandingi í drottni, bið (eða hvet) (*parakalō*) ykkur þess vegna að hegða ykkur eins og sambodið er þeirri köllun sem þið eruð kölluð til“ (sbr. einnig 2Þess 2.1 með sögninni *erōtō* og 3.6 þar sem sjaldgæfari sögn, *parangellō*, er notuð). Í báðum tilfellum bendir valið á þessum félagslega hlutlausu sögnum til þess að höfundar telji sig standa jafnfætis viðtakendum bréfsins að þessu leyti eða vera yfir þá hafna án þess þó að gefa það sérstaklega til kynna. Höfundur Efesusbréfsins gefur lítið til kynna um samband sendanda og viðtakenda í niðurlagi bréfsins og lætur almenna kveðju sem líkist lokakveðju Páls nægja: „Náð sé með öllum þeim sem elska drottin vorn Jesú Krist með ódauðlegum kærleik“ (6.24). Kólossubrésið inniheldur hins vegar þó nokkrar kveðjur með sögninni *aspazomai*: Páll skilar kveðjum til safnaðarins frá sex einstaklingum (4.10–14) og biður að heilsa trússystkinum í Laódíkeu ásamt tveimur tilgreindum einstaklingum (4.15–17). Það er hugsanlegt að höfundur bréfsins vilji nýta slíkar kveðjur til að leggja á það áherslu að Páll sé raunverulegur sendandi bréfsins. Það vekur athygli að höfundur bréfsins biður söfnuðinn í Kólossu að senda bréfið áfram til Laódíkeu að loknum lestri þess svo að söfnuðurinn þar geti einnig lesið bréfið. Sömu leiðis væntir höfundurinn þess að söfnuðurinn í Kólossu lesi bréf sem „Páll“ hafði sent til Laódíkeu (4.16).⁷⁶ Líkt og Páll gerir í Fyrra Korintubrési og Galatabrétinu láta höfundar Síðara Þessalóníkubrésis og Kólossubrésis eiginhandaráritun fylgja með í lokin: „Kveðjan er með minni eigin, Páls, hendi“ (Kól 4.18) og í Síðara Þessalóníkubrési fullyrðir „Páll“ að slíka kveðju sé að finna í sérhverju bréfi hans: „Kveðjan er með minni eigin, Páls, hendi, sem er merki á hverju bréfi. Þannig skrifa ég“ (3.17). Hugsanlega eru þessi orð ætluð til að styrkja þá fullyrðingu að Páll sé höfundur bréfsins. Bæði Síðara Þessalóníkubrési og Kólossubrésið enda á hinni hefðbundnu kveðju Páls, *charis hymin* o.s.frv., en síðara bréfið inniheldur óvenjustutta kveðju: „Náð sé með ykkur“ (4.18).

Hirðisbréfin (1Tím, 2Tím, Tít) greina sig að mörgu leyti frá Pálsbréfum, meðal annars að því leyti að vera stíluð á einstaklinga, samverkamennina Tímóteus og Títus (af bréfum Páls er einungis Fílemonsbréfið stílað á einstakling). Bréfin eru innleidd með hefðbundinni „A (nf.) til B (þgf.)“ formúlu, þar sem postullegt hlutverk sendandans er tilgreint nánar, sérstaklega í Títusarbréfi þar sem lýsingin á slíku hlutverki „Páls“ er afar löng og skilmerkileg: „Frá Páli, þjóni Guðs en postula Jesú Krists, til að efla trú Guðs útvöldu og þekkingu

⁷⁶ Bréfið til Laódíkeu hefur ekki varðveist en til er bréf „Páls“ til Laódíkeu og er það líklega frá 4. öld.

á sannleikanum, sem leiðir til guðhræðslu í von um eilíft líf. Því hefur Guð, sá er ekki lýgur, heitið frá eilífum tíðum, en opinberað á settum tíma. Þetta orð hans var mér trúað fyrir að prédika eftir skipun Guðs, frelsara vors“ (Tít 1.1–3; þýð. Biblían 1981). Þessi lýsing bendir til þess að markhópur höfundarins hafi verið þó nokkuð stærri en sá einstaklingur sem bréfið er stílað á. Hið sama má líklega segja um hin Hirðisbréfin tvö, enda þótt lýsingin á hlutverki Páls sé ekki jafn ítarleg. Ætla má að óþarfi hafi verið fyrir Pál að kynna sig með slíkum hætti fyrir samverkamönnum sínum. Það vekur eftirtekt að höfundur Hirðisbréfanna víkur lítið eitt frá hinni hefðbundnu kveðjuformúlu Páls, *charis hymin kai eirēnē*, og hefur þess í stað *charis eleos eirēnē* ... í Fyrri og Síðara Tímóteusarbréfi, þ.e.a.s. „náð, miskunn og friður“ o.s.frv. (Títusarbréf hefur *charis kai eirēnē*). Það er lítið um bréfaformúlur í meginhluta bréfanna. „Páll“ færir Guði þakkir í Síðara Tímóteusarbréfi (1.3) með orðunum *charin echō tō þeō* („þakkir færi ég Guði“) sem er dálítið frábrugðið hinni föstu formúlu Páls, *eucharistō tō þeō mou*. Engar afhjúpunarformúlur er að finna í bréfunum, eins algengar og þær eru hjá Páli sjálfum, en Fyrri Tímóteusarbréf inniheldur eina *parakalō*-formúlu, þótt ekki sé hún alveg í samræmi við notkun Páls: *parakalō oun prōton pantōn poieisþai deēseis proseuchas enteuxeis eucharistias hyper pantōn anþrōpōn* („Ég bið/hvet til að biðja og ákalla Guð og bera fram fyrirbæni og þakkir fyrir allt fólk“, 2.1). Að öðru leyti er engar bréfaformúlur að finna fyrir en í niðurlagi bréfanna — þó ekki Fyrri Tímóteusarbréfs sem inniheldur einungis lokakveðjuna „náð sé með ykkur“ (6.21) (þessa lokakveðju er einnig að finna í hinum bréfunum tveimur). Höfundurinn biður fyrir kveðjur til ýmissa einstaklinga og hópa, þar á meðal til Prisku og Akvílasar (2 Tím 4.19), sem var náðið samstarfsfólk Páls, og hann biður að heilsa í Rómverjabréfinu (16.3–5). Slík kveðja styður þá fullyrðingu höfundar að bréfið sé ritað af Páli. Höfundurinn skilar einnig kveðjum til viðtakendanna frá nokkrum nafngreindum einstaklingum í Síðara Tímóteusarbréfi (4.21) en Títusarbréf inniheldur almennari kveðjur: „Allir sem með mér eru heilsa þér. Heilsaðu þeim sem elska okkur í trú“ (3.15). Með þessum kveðjum er gefið í skyn að bréfin séu raunveruleg sendibréf. Í ljósi þess að þau eru skrifuð undir fölsku flaggi má draga slíkt í efa.

Hlutverk, notkun og flokkun bréfa Nýja testamentisins

Líkt og gildi um önnur bréf höfðu mörg bréf Nýja testamentisins það hlutverk að vera staðgenglar raunverulegrar samræðu. Þetta á einkum við um hin sjö ekta bréf Páls, en flest önnur bréf Nýja testamentisins falla undir texta með falskt höfundarnafn sem höfðu líklega fyrst og fremst það hlutverk að uppfæða og kynna ákveðnar kenningar eða viðhalda þeim. Líklegt má telja að margir af þessum höfundum hafi hlotið einhverja menntun í mælskulist, enda má sjá ýmis merki þess í bréfunum. Þetta á ekki síst við um Pál postula, sem nýtti sér tæki mælskulistarinnar ríkulega til að færa rök fyrir máli sínu.

Eitt slíkt tæki er samræðulistin („díatriban“) sem Páll notar í sumum bréfa sinna.⁷⁷ Líkt og Rómverjarnir Ciceró og Seneca, skapar Páll viðmælanda í bréfunum sem er notaður til að leiða umræðuna áfram og leyfa höfundinum að leiðrétta fyrirfram mögulegar mistúlkanir á því sem viðmælandinn heldur fram eða spyr um. Á sama tíma er tilgangur höfundarins að lesendurnir samsami sig viðmælandanum í bréfinu og eigi þannig hlutdeild í samtalinu. Þetta

⁷⁷ Sjá Rudolf Bultmann, *Der Stil der paulinischen Predigt und die kynisch-stoische Diatribe*, FRLANT 13, Göttingen: Vandenhoeck & Ruprecht, 1910; Stanley K. Stowers, *The Diatribe and Paul's Letter to the Romans*, SBLDS 57, Chico: Scholars Press, 1981; Thorsteinsson, *Paul's Interlocutor*, bls. 123–150.

sjáum við í Fyrri Korintubréfi og að einhverju leyti í Galatabréfinu⁷⁸ en einkum í Rómverjabréfinu. Í hinu síðastnefnda notar hann tilbúinn viðmælanda til að fleyta röksemdafærslunni áfram og til að koma í veg fyrir mistúlkanir á því sem sagt er í bréfinu. Oftast notast Páll við spurnarfrasann „Hvað þá (*ti oun*)?“ eða „Hvað eigum við þá að segja (*ti oun eroumen*)?“ Og oftast er það viðmælandinn sem spyr spurninga en Páll svarar. Sem dæmi spyr viðmælandinn í 6.1: „Hvað eigum við þá að segja? Eigum við að lifa áfram í synd, til þess að náðin vaxi?“ sem er greinileg mistúlkun á því sem á undan fer. Þessu svarar Páll: „Fjarri fer því (*mē genoito*)! Við sem erum dáin syndinni, hvernig eigum við að lifa áfram í henni?“ Þannig leiðréttir Páll mögulegan misskilning á efninu. Stundum notar Páll engin greinileg merki um það að viðmælandinn sé að taka til máls og getur þá verið örðugt að greina hvor sé mælandinn, Páll eða viðmælandinn. Þetta sjáum við t.d. í 3.1–9, en ein möguleg uppbygging samræðunnar væri þessi:

Viðmælandi: Hvað hefur þá Gyðingurinn fram yfir aðra? Eða hvert er gagn umskurnarinnar?

Páll: Mikið á allan hátt. Fyrst og helst er það að Guð hefur trúað Gyðingum fyrir orðum sínum.

Viðmælandi: Sumir þeirra hafa brugðist. Hvað um það? Getur það gert trúfesti Guðs að engu?

Páll: Fjarri fer því. Guð skal reynast sannorður þótt sérhver maður reyndist lygari. Eins og ritað er: „Til þess að þú reynist réttlátur í orðum þínum og vinnir þegar þú átt mál að verja.“

Viðmælandi: En ef ranglæti okkar staðfestir réttlæti Guðs hvað eigum við þá að segja? Skyldi Guð, svo að ég tjái mig eins og menn gera, vera ranglátur þegar hann tjáir reiði sína?

Páll: Fjarri fer því. Hvernig mætti Guð þá dæma heiminn?

Viðmælandi: En verði sannleiki Guðs skýrari, honum til dýrðar, við að sýna að ég er lygari, hvers vegna á ég þá að dæmast sem syndari?

Páll: Eigum við þá ekki að gera hið illa til þess að hið góða komi fram? Sumir bera mig þeim óhróðri að ég kenni þetta. Þeir munu fá verðskuldaðan dóm.

Viðmælandi: Hvað þá? Erum við eitthvað síðri?

Páll: Ekki að öllu leyti (*ou pantas*). Ég hef áður lýst sök á hendur Gyðingum jafnt sem Grikkjum, að þeir væru allir á valdi syndarinnar. Eins og ritað er [...]

Eftir 3.9 heldur samræðustrúktúr bréfsins áfram með reglulegum spurningum og svörum,⁷⁹ allt þar til uppbyggingin breytist frá og með 12.1 þar sem Páll áréttar siðareglur Jesúhreyfingarinnar.

Svipaðan samræðustíl má einnig sjá í Jakobsbréfi 2.18–24 þar sem höfundurinn skapar persónu í textanum sem hann talar beint til í 2. persónu eintölu:

En nú segir einhver (*all' erai tis*): „Einn hefur trú, annar verkin.“ Sýn mér þá trú þína án verkanna og ég skal sýna þér trúna af verkum mínum. Þú trúir að Guð sé einn. Þú gerir vel. En illu andarnir trúa því líka og skelfast. Fávísí maður (*o anþrópe kene*)!⁸⁰ Vilt þú láta þér skiljast að trúin er ónýt án verkanna? Réttlættist ekki Abraham, faðir okkar, af verkum er hann lagði son sinn Ísak á altarið? Þú sérð að trúin var samtaka verkum hans og að trúin fullkomnaðist með verkunum. Og ritningin rættist sem segir: „Abraham trúði Guði og það var honum til réttlætis reiknað,“ og hann var kallaður vinur Guðs. Þið sjáið að maðurinn réttlættist af verkum en ekki af trúnni einni saman.

Á sama hátt og Páll nýtir höfundurinn þennan viðmælanda til að færa rök fyrir máli sínu og til að ávíta hann án þess að eiga á hættu að misbjóða lesendunum. Slík persónusköpun stóð þeim til boða sem höfðu grundvallarþekkingu á mælskulist.

⁷⁸ Sjá 1Kor 4.7; 6.15; 7.16, 21; 8.10–11; 10.18–20; 14.15–17, 26; 15.35–37; Gal 2.17; 3.19, 21.

⁷⁹ Róm 3.27–4.1; 6.1–2, 15; 7.7, 13; 8.31; 9.14, 19–20, 30–32; 10.18–19; 11.1, 7, 11.

⁸⁰ Sbr. Róm 2.1.

Snemma tóku menn að safna Pálsbréfum saman og mynda „kanón“ (regluritasafn) þeirra bréfa.⁸¹ Til að byrja með var Hebreabréfið svokallaða talið með Pálsbréfum og er það í mörgum handritum staðsett á eftir Pálsbréfum (þ.e.a.s. þeim bréfum sem eru eignuð Páli), líkt og í flestum nútímaútgáfum Nýja testamentisins. Í elstu handritum er Hebreabréfið á hinn bóginn staðsett á milli bréfa Páls til safnaða og bréfa hans til einstaklinga, þ.e.a.s. á milli Síðara Þessalóníkubrúefs og Fyrra Tímóteusarbrúefs, og í Papýrus 46 (P⁴⁶) hefur því verið komið fyrir á milli Rómverjabrúefsins og Fyrra Korintubrúefs.⁸² Þegar í fornöld gerðu menn sér hins vegar grein fyrir því að Hebreabréfið tilheyrði ekki Páli og komu því fyrir á eftir bréfum sem töldust vera bréf hans. Sú röð Pálsbréfa sem flestir kannast við fer annars vegar eftir því hvort bréfin eru stíluð á söfnuði eða einstaklinga — safnaðarbréfin koma fyrst — og hins vegar eftir lengd bréfanna — lengsta bréfið í hvorum flokki kemur fyrst. Af þeim sökum er Rómverjabréfið fyrsta Pálsbréfið í nútímaútgáfum og Fílemonsbréfið það síðasta.

Það er erfiðleikum háð að flokka bréf Nýja testamentisins í samræmi við flokkanir grísk-rómverskra bréfa almennt. Sumir fræðimenn leggja áherslu á sérstöðu bréfa Nýja testamentisins, einkum út frá innihaldi þeirra, en aðrir telja sig geta flokkað þau eftir þekktum flokkum grísk-rómverskra bréfa og leggja þá áherslu á form bréfanna. M. Luther Stirewalt tilheyrir seinni hópnum og vill flokka Pálsbréf sem opinber bréf (e. *official letters*), meðal annars í ljósi þess að Páll hafði ákveðinni „opinberri“ skyldu að gegna gagnvart viðtakendum bréfanna og margt í formi bréfa hans minnir á hefðbundin form opinberra bréf, eins og konunglegra og diplómátskra bréfa.⁸³ Um og uppúr aldamótunum 1900 fylgdu margir nýjatestamentisfræðingar Adolf Deissmann að málum og skilgreindu bréf Nýja testamentisins sem „raunveruleg bréf“ (þ. *Brief*) fremur en „bókmenntabréf“ (þ. *Epistel*), þar sem bréfin þóttu fremur endurspeglar raunverulegar aðstæður en bókmenntafræðilegar. Í dag hafa flestir fræðimenn fallið frá slíkri flokkun, því að enda þótt bréfin — eða mörg þessara bréfa — séu „raunveruleg“ bréf fela þau í sér ýmis bókmenntafræðileg einkenni og sum þeirra virðast ekki ætluð sérstökum aðstæðum og sérstökum viðtakendum, heldur hafa þau almennari skírskotun (t.d. Jak, 1Jóh). Eins og Harry Gamble orðar það „[o]n the whole, early Christian letters combine the familiarity of the private letter, the authority and community address of the official letter, and the expository and didactic functions of the philosophical letter“.⁸⁴ Að mínu mati er gagnlegast að fylgja flokkunaraðferð Stirewalts og flokka bréfin eftir þeim aðstæðum sem þau eru skrifuð í. Þannig má til að mynda segja að hin sjö ekta Pálsbréf og Annað og Þriðja Jóhannesarbréf hafi orðið til í „normatífum“ aðstæðum — að þau séu „normatíf“ (eða „raunveruleg“) bréf — og að öll önnur bréf Nýja testamentisins (að undanskildu Hebreabréfi, sem er að öllum líkindum ekki bréf) falli undir „víðari“ aðstæður, þ.e.a.s. hafi víðari skírskotun, með viss einkenni bréfa sem skrifuð eru í ímynduðum aðstæðum, þar sem þau eru samin undir fölsku höfundarnafni. Þessi flokkun fangar þær aðstæður sem bréfin urðu til í og gefur til kynna hver ætlaður lesendahópur viðkomandi höfundar var eða var ekki og þá um leið hvers eðlis sambandið á milli höfundar og viðtakenda var.

⁸¹ Sjá Harry Y. Gamble, *Books and Readers in the Early Church: A History of Early Christian Texts*, New Haven: Yale University Press, 1995, bls. 99–101.

⁸² Sjá Klauck, *Ancient Letters*, bls. 330–331.

⁸³ Stirewalt, *Paul, the Letter Writer*.

⁸⁴ Gamble, *Books and Readers*, bls. 37, sbr. bls. 95 um bréf Páls postula.

Lokaorð

Hugmyndafræðilegt og kenningarlegt mikilvægi bréfa Nýja testamentisins þarf ekki að fjölyrða um. Þar stendur Rómverjabréf Páls postula í sérflokkum sem einn áhrifamesti texti í sögu kristindómsins. Gagnlegt er að rannsaka bréf Nýja testamentisins í ljósi grísk-rómverskra bréfa og bréfaskrifta. Í þessari grein er gefið yfirlit yfir form, hlutverk, notkun og flokkun grísk-rómverskra bréfa og kannað hvað slíkir þættir geta sagt okkur um bréf Nýja testamentisins. Umfjöllunin sýndi að bréf Nýja testamentisins eru í fullu samræmi við önnur samtímabréf hvað form og stíl varðar, en slíkir þættir geta veitt mikilvægar upplýsingar um innihald bréfanna og sögulegt samhengi þeirra. Flokkun bréfanna fer að miklu leyti eftir því við hvað er miðað, en flokkun eftir aðstæðum virðist gefa góða raun hvað upplýsingar um tilgang textans varðar og samband höfunda og viðtakenda. Umfjöllunin sýndi enn fremur að greining bréfanna með þessum hætti dregur fram spurninguna um hvernig sendendur bréfanna kynna sig og skilgreina sjálfa sig gagnvart viðtakendunum og gefur umfjöllunin þannig til kynna hvernig félagslegu sambandi á milli sendenda og viðtakenda var háttáð. Einnig sýnir slíkur samanburður við önnur bréf hvernig vissar bréfaformúlur gátu undirstrikað einstök atriði í viðkomandi texta. Umfjöllunin gefur með öðrum orðum til kynna túlkunarfræðilega gagnsemi frekari rannsókna á bréfum Nýja testamentisins í ljósi grísk-rómverskra bréfaskrifta.